

SKÓLAVARÐAN

2. tbl. 8. árg. mars - apríl 2008

Málgagn Kennarasambands Íslands



AÐALFUNDIR AÐILDARFÉLAGA

Forsetinn í Hrafnagilsskóla

Alþjóðleg baráttuvika menntunar fyrir alla

Hávaði í skólum

Að kenna ljóðlist

Í máttölublaði Skólavörðunnar er fjallað um þing KÍ sem haldið var 9. - 11. apríl.



SÚKKADDÍ PÚKKADDÍ

– skyldi vera vit í því? (að taka heilsupróf á byr.is)



Auktu ánægju þína með fjárhagslegri heilsu. Það er mikilvægt fyrir þig að skoða fjármálin reglulega. Sérstaklega þegar aðstæður breytast. Fjárhagslega heilsupróf Byrs gefur þér yfirsýn yfir fjármálin og hjálpar þér að taka betri ákvarðanir til að bæta fjárhagslega heilsu þína. Fjárhagslega heilsuprófið er hannað í samvinnu við viðskiptavini Byrs, viðskiptavini annarra banka og fjárhagslega einkaþjálfara Byrs. Prófið tekur á þeim þáttum sem skipta mestu máli fyrir þig. **Komdu þér í fjárhagslegt form með Byr.**

Byrjaðu á byr.is – kannaðu fjárhagslega heilsu þína núna. Komdu með í ræktina.


BYR
SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 • byr.is

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórnfélag Íslands (SÍ).



Ljósmynd frá höfundri

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson
Formaður SÍ

Betra kjara- og rekstrarumhverfi stærsta verkefni samningsaðila

Í vetur hafa fréttir af starfsmannaeklu í leik- og grunnskólum ekki farið framhjá landsmönnum. Reyndar hefur staðan á landsbyggðinni verið bærilegri en á suðvesturhorninu þar sem álag á starfsfólk skólanna hefur verið mikið og starfsmannavelta aukist. Þetta bitnar illa á nemendum sem finna til óöryggis og samfella í námi getur raskast vegna tíðra kennaraskipta. Til eru dæmi um bekkir sem hafa verið með þrjá til fjóra umsjónarkennara á skólaárinu. Haft er eftir nemanda í 10. bekk í Reykjavík að hann sé búinn að hafa jafn marga umsjónarkennara og borgarstjóra í vetur. Af tvennu illu taldi hann borgarstjóraskiptin skárri!

Um langt árabíl hefur Skólastjórnfélag Íslands (SÍ) óskað eftir að ríkið og síðan sveitarfélögin gerðu sérstakan kjarasamning við félagið. Félag grunnskólakennara (FG) er einnig þeirrar skoðunar að samningar og atkvæðagreiðsla eigi að vera aðskilin hjá þessum félögum. Þráfaldlega hefur slíkum óskum verið hafnað af viðsejendum okkar á þeirri forsendu að um sömu starfsstétt sé að ræða. Í tveimur lögfræðialitum, sem stjórn KÍ lét gera, kemur einnig fram sú skoðun að torvelt sé að knýja fram aðskilda samninga fyrir SÍ og FG á forsendum gildandi laga. Til að hafa möguleika á að breyta þessum forsendum þarf að ná fram breytingu á texta frumvarps um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna sem nú liggur fyrir Alþingi. Kveða þarf á um að til þess að verða ráðinn aðstoðarskólastjóri eða skólastjóri skuli viðkomandi hafa, auk starfsheitis grunn-skólakennara, menntun á sviði stjórnunar og kennslureynslu á grunnskólastigi en ekki annað hvort eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Fulltrúar menntamálaráðuneytis og Sambands ísl. sveitarfélaga í starfshópnum sem vann frumvarpsdrögin vildu ekki fallast á auknar faglegar kröfur til stjórnenda jafn afdráttarlaust og til kennara.

Þrátt fyrir þessa forstögu hefur Launanevnd sveitarfélaga (LN) fallist á að aðskilja kjarasamninga SÍ og FG í þeim viðræðum sem nú standa yfir og atkvæðagreiðslu um þá nú á vormánuðum. Hvort slíkt fyrirkomulag verður til frambúðar er óráðið en mun væntanlega ráðast af reynslunni og hvernig samskipti samningsaðila þróast á

næstu árum, en þar hefur orðið veruleg breyting til batnaðar frá því að gengið var frá samkomulagi um gr. 16.1 í kjarasamningi okkar fyrir ári. Þar vegur einna þyngst að gott samkomulag tókst um vinnu tveggja starfshópa í kjölfar samkomulagsins og staðið hefur verið við tímasetta áætlun um framgang verkefna til að undirbúa þær samningaviðræður sem nú standa yfir.

Í byrjun árs gaf Ríkisendurskoðun út stjórnsýsluúttekt á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og grunnskólanum þar sem jöfnunarhlutverk sjóðsins er fyrst og fremst skoðað, m.a. í ljósi rannsókna OECD. Margt athyglisvert kemur þar fram og sumt mjög sláandi. Þar má nefna að sveitarfélög á landsbyggðinni þurfa að auka framlög sín um 12% á nemanda til að standast höfuðborgarsvæðinu snúning þegar rekstur skóla með fleiri en 350 nemendum eru skoðaður (þá er innri húsaleiga ekki reiknuð með). Samkvæmt úttektinni samsvarar þetta því að 31 m. kr. vanti í rekstur skóla á landsbyggðinni með 500 nemendum (bls. 32). Þó er ekki talið hægt að fullyrða að þessi munur skýri mun á námsárangri á samræmdum prófum (einkum pílta) landsbyggðinni í óhag (bls. 35-36).

Í vetur hefur mikið verið rætt og ritað um niðurstöður PISA könnunarinnar, m.a. með hliðsjón af rannsóknum OECD á kostnaði og skilvirkni grunnskólans. Í áður nefndri stjórnsýsluúttekt er bent á mikinn kostnað við rekstur grunnskólans þótt árangur sé í meðallagi. Engu að síður eru laun kennara fremur lág í alþjóðlegum samanburði. Einnig er vitnað til annarrar úttektar OECD þar sem bent er á að meðal þess sem hindri skilvirkni íslenska grunnskóla-kerfisins sé takmarkað ákvörðunarvald skólastjórna (bls. 45).

Af þessu má ráða að stærsta verkefni samningsaðila í yfirstandandi kjaraviðræðum er að finna leiðir til að bæta kjör kennara og stjórnenda í grunnskólanum jafnframt því sem skapa þarf kjara- og rekstrarumhverfi sem stuðlar að meiri skilvirkni og jöfnuði í rekstri grunnskólanna.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson

Lenging kennaranáms eflir list- og verkgreinakennslu

Nemandinn og námið, þangað er ljóskastaranum beint öllum stundum af kennurum og þannig á það líka að vera. Sumir í Kennaraháskólanum hafa áhyggjur af því að eftir að skólinn sameinast HÍ verði list- og verkgreinar útundan. Sumir í Fósturskólanum höfðu áhyggjur af því sama þegar hann sameinaðist KHÍ á sínum tíma. Það er mjög ríkt í kennurum að vilja ekki slíta á milli hugar og handar, sem betur fer. Í HÍ er ekki sama hefð fyrir list- og verkgreinum og í KHÍ en síðarnefndi skólinn getur fært þá hefð með sér og stuðlað að því að sameiningin auki veg og vanda þessara greina sem sífellt er þrengt að vegna þess að þær eru (sumar hverjar) rúm- og fjárfrekarir en aðrar greinar.

Öflugt háskólanám með hugsjónakennara við stjórnvöllinn og sterka áherslu á rannsóknir getur áorkað því að skólustarf í leik-, grunn- og framhaldsskólum taki mið af rannsóknaniðurstöðum um gildi list- og verknáms og sannfært þjóðina og ráðamenn hennar með þessar upplýsingar í farteskinu en það gerist auðvitað ekki af sjálfu sér.

Sterkustu fagmennirnir eru þeir sem spyrja aftur og aftur sömu grundvallarspurninga og leita í sífelli svara við þeim: Hvernig getum við stuðlað að því að nemendum líði vel og þeir læri, hvernig getum við eftt samstarf við foreldra og aðra sem tengjast skólanum, hvað er fólk að segja gagnlegt um þessa hluti í öðrum löndum, hvers vegna er skólinn eins og hann er, af hverju skóli yfirleitt? Skólarannsóknir sýna æ ofan í æ að nemendur læra með því að gera, að þeir læra ef þeim líður vel og hafa trú á getu sinni (en annars ekki) og að þeir læra meira (að minnsta kosti á yngri árum) ef foreldrar eru jákvæðir í garð þess sem þeir eru að fást við og taka þátt í því. Á sama tíma og KHÍ og HÍ sameinast liggur fyrir Alþingi frumvarp um breytingar á kennaramenntun sem gengur meðal annars út á lengingu námsins í fimm ár. Verði frumvarpið að lögum eignumst við smám saman fleira fólk í kennarastétt sem þekkir ekki bara vel til rannsókna á gildi list- og verkgreina heldur hefur rannsakað sitt hvað sjálft og fengið tíma til að mynda sér ígrundaða skoðun á því hvað skiptir máli í kennslu. Sú afstaða mun endurspeglast í starfinu og mótast enn frekar á þeim vettvangi í gagnkvæmu samspili nemenda, kennara og annars umhverfis.

Um þessar mundir er staðan hins vegar þannig að margir nýút-skrifaðir kennarar eru öruggir og upplifa að þeir fái lítinn stuðning.



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Kristín Elfa Guðnadóttir

Að læra með því að gera og upplifa er inntak list- og verkgreina. Nemendur finna sterkt fyrir getu sinni, upplifa gleði, læra samvinnu og kynnast fegurð – og er þá aðeins fátt eitt talið. Ef þessar greinar eru lágt skrifaðar eða þeim jafnvel úthýst úr skólustarfi þá er hætt við að afskaplega lítið nám fari þar fram.

Starfið er erfiðara en þeir áttu von á, verkefni fleiri og þeir sjálfir hafa minni áhrif en þeir töldu að þeir myndu hafa. Þetta er ekki gott mál. Kennarar eru leiðtogar og verða gjarnan miklir áhrifavaldar í lífi nemenda. Fagmennska þarf tíma til að verða til og skjóta rótum í sál kennarans, hún er það sem þarf til að kennarar standi markvisst vörð um góðan skóla og þá ekki síst um list- og verkgreinar.

Þeir kennarar sem hafa bestu menntunina og mestu kennslureynsluna eru jafnframt þeir sem segja þegar skórin krepur að skólunum: „Hingað og ekki lengra. Nemendum okkur líður ekki vel við þessar aðstæður og þeir geta ekki sinnt náminu. Þessu þarf að breyta.“ Svo segja þeir okkur hinum hvaða breytingar við þurfum að gera og hvernig staðið skuli að þeim. Góðir kennarar eru sterkustu bandamenn nemenda, foreldra og þess að samfélagið eigi sér lífvænlega framtíð. Hlúum því að kennaramenntun, bættum hana og lengjum námið. Ég stenst ekki freistinguna að bæta við minni privat Karþagó: Svo legg ég til að við borgum kennurum laun í samræmi við þá ábyrgð sem þeir bera og þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Kristín Elfa Guðnadóttir

FJÓRÐA ÞING KÍ í næsta blaði og á www.ki.is

Kennarar! Lesið um fjórða þing KÍ í næstu Skólavörðu sem kemur út 9. maí. Fréttir, ávörp, fyrirlestrar, glæsur, samþykktir þingsins og meira efni er á www.ki.is

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Betra kjara- og rekstrarumhverfi stærsta verkefni samningsaðila 3

Leiðari: Lenging kennaranáms eflir list- og verkgreinakennslu 4

Gestaskrif: Að kenna ljóðlist 5

Kjaramál: Fæðingarorlofi dreift til lengri tíma 8

KÍ: Aðalfundur FF, FG og FL 2008 10

Tölvur: BETT 2008-04-18 14

Málþing og rannsókn: Spor til framtíðar – menntun til sjálfbærni 16

KÍ: Aðalfundur SÍ 2007 18

Danmörk: Skipti á íbúð og bíl 18

Fagfélag: FEKÍ kynnir viðburði í vor og sumar 18

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

Umsjónarmaður félagaatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor ehf.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Kynning á Krikaskóla

Auðlýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Gutenberg

Skólavardan, s. 595 1120 (Kristín)

Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Ljósmynd frá höfund

Að kenna ljóðlist



Eiríkur Örn Norðdahl

I

Merkilegt nokk á ég fáar ljúfar minningar um þá ljóðlistarkennslu sem ég hlaut í grunn- og menntaskóla. Og yfir höfuð fáar minningar, miðað við hversu miklum tíma var eytt í að rita upp þjóðararfinn, leggja á minnið vísur og kvæði, syngja lög og „greina“ ljóð – einhvern veginn fór þetta allt saman að mestu fyrir ofan garð og neðan. Það sem situr eftir er hins vegar frekar máttugt í minninu – enda fá tæki jafn öflug og ljóðlistin, þegar hún á annað borð kemst til skila.

Ég man eftir að hafa sungið ljóð sem innihéldu orð og setningar sem ég skildi ekki – íslenskur kraftaskáldskapur á borð við Þorraprælinn, fullur af „unnarsteinum“, „búöndum“ og „hringaskorðan“, þar sem „mararbáran“ er „yggld og grett á brá“. Þetta lærðum við allt utan bókar og þó að ég geti ekki lengur farið með kvæðið bókarlaust var það mér án nokkurs vafa mikilvæg reynsla að þurfa að nálgast tungumál sem ég skildi ekki. Að neyðast til þess að leggja mér í munn orð sem ég vissi að voru íslenska en tilheyrðu engu að síður öðrum heimi en sú íslenska sem mér var tömust. Þá er galdur í syngjandi kvæðisins, uppbyggingu og hljóðstafasetningu, sem virkar eins og minnisvarði um eitthvað sem er hluti af manni sjálfum á annan hátt en samtíminn.

Það er líklega þetta sem menn eiga við þegar þeir tala um „þjóðararf“ – þótt réttara væri kannski að tala einfaldlega um menningararf því ég hef enga trú á því að maður þurfi að vera alinn upp á Íslandi til að finna fyrir brimseltu Þorraprælsins, ekkert frekar en maður þarf að vera franskur til þess að elska drafandina í Baudelaire eða breskur til að sjúga í sig dramatíkina úr sonnetum Shakespeare.

Og ég man eftir að hafa teiknað upp Mynd eftir barn, Ljóð Dags Sigurðarsonar. Kennarinn las fyrsta erindið nokkrum sinnum á meðan við teiknuðum – köttur / sól / hús, o.s.frv. Reykur úr strompi, bláeyg kona með slegið hár, lítil stelpa. Ég man eftir að hafa barist við að þurfa að teikna „bóklestur“ – man ekki lengur hvernig ég leysti það, enda skipta lausnir ekki jafn miklu og áskoranir. Ljóðlistin er jafnan ekki

svör heldur spurningar.

Þegar fyrsta erindið var fullteiknað – friðsæl mynd, gjörsamlega áreynslulaus í indælu sinni – las kennarinn næsta erindi:

*Yfir öllu þessu:
ofurhvítt ský.*

*Ofar skýinu:
þyrping af sprengjum.*

Ljóðið er langt í frá eitt af bestu ljóðum Dags. Til þess er það alltof einfalt, boðskapur þess of blátt áfram – Dagur kafar ekki djúpt í þessu ljóði, heldur gáar aðeins yfirborðið í ljóði sem líklega á betur við börn en fulloröna, hendir fram einföldum, næstum lítilfjörlegum boðskap.

Ég var í öllu falli gjörsamlega miður mín að þurfa að teikna sprengjur inn á friðsældarmyndina mína sem hafði tekið mig heila eilífd (eða um hálfra kennslustund) að teikna. Maður byggir sér ekki hús til þess að leggja það síðan í rúst. En mér kom aldrei til hugar að neita einfaldlega að teikna sprengjurnar, af samviskuástæðum – eins og amrískur soldáti flúinn til Svíþjóðar – heldur gerði bara eins og mér var sagt og sprengdi húsið og konuna og barnið og bóklesturinn allt í tætlur.

II

Eftir því sem ég eldist og les meira geri ég mér betur og betur grein fyrir því hversu einfaldaða mynd ég fékk af ljóðlist sem barn og unglíngur. Þau ljóðasófn sem sett hafa verið saman fyrir börn, til kennslu í skólum, eru öll meira og minna meingölluð – þau skortir bæði útlönd og samtíma, birta skakka mynd af villtari höfundum og eru því engan veginn við hæfi barna og unglíngja – hverra hjörta hreyfast mest af útlöndum, samtíma og villimennsku.

Einhvern tíma á menntaskólaárunum rakst ég á ljóðasafn Dags Sigurðarsonar og áttaði mig á að hann var ekki sá saklaus höfundur sem ég hafði talið – ekki einfaldur síðferðispostuli og fyrirmannlegur friðarsinni

– heldur skrollandi graður elskhugi lífsins sjálfs, kynferðisengill og róstusamur samfélagshugsuður. Í stuttu máli sagt: allt sem ég þráði að ljóðlistin væri sem unglíngur. Og mér leið eins og að mér hefði verið logið, ég rændur og blekkur.

Ég á augljóslega bágð með að segja til um hvernig staðan var í öðrum skólum, eða hvernig staðan er í skólum nú – og hlýt að ræða skólagöngu mína út frá minni eigin þrautagöngu sem lauk fyrir tæpum áratug. Þá var ljóðlist skólakerfisins fyrst og síðast bundin við hinn svonefnda þjóðararf – íslenskan kveðskap sem kominn er til ára sinna – en ljóðlist samtímans fékk lítið sem ekkert rými og það var einhvern veginn handan við alla ímyndun að það væri yfir höfuð ort á öðrum tungumálum eða að eitthvað af því væri aðgengilegt í úrvalsþýðingum. Þetta er að mörgu leyti bagalegt – því ég held að það segi sig nánast sjálft að börn og unglíngar, sem lifa fyrst og síðast í núinu, tengi betur við samtímaljóðlist en sögulega. Og einhvers staðar er hlutverk kennarans að kveikja áhuga nemandans, finna skurðarpunktinn þar sem nemandinn mætir eilífðinni og sannfæra hann um virði þess að rekja upp þræðina.

III


Mér finnst rétt að eyða dálitlu plássi í hógværar ábendingar sem kveikja mega ástíðuelda í brjóstum kennara – sem vonandi geta notið þeirra og deilt þeim með nemendum.

a)

Á ljóðavefritinu Tíu þúsund tregawött (www.tregawott.net) má finna fjöldamargar nýjar þýðingar á erlendum ljóðum, auk íslenskrar samtímaljóðlistar – þar af nokkuð af tilraunaljóðlist sem ég held að gæti verið sérstaklega áhugaverð að skoða með unglíngum. Sem dæmi má nefna flokkinn Poèmes trouvés, þar sem geymd eru „fundin ljóð“, það er að segja texti sem ekki var ætlaður sem ljóð en má auðveldlega ramma inn sem slíkan.

b)

Að frelsa heiminn er eins og að standa uppi á stól í stóru veitingahúsi og kalla út í salinn: Er einhver hér inni í kórónafötum? Og öllum er ljóst, að þessi maður er galinn¹



Höfundur myndljóðsins er Derek Beaulieu.

Önnur tegund „fundinnar ljóðlistar“ er kollage-ljóðlistin, þar sem setningum er stolið hist og her og þær síðan settar saman hráar, flamberaðar eða afbakaðar. Dæmi um slíkt er ljóðið hér að ofan, fyrstu tvær línurnar og sú síðasta eru úr ljóði eftir Stein Steinarr en sú þriðja er titill á ljóðabók eftir Einar M. Á. Ég held að auðveldlega megi setja unglíngum fyrir að skrifa ljóð af þessu togi, og ég held að slíkt vinna geti gefið fólki ansi sterkar hugmyndir um virkni tungumálsins í samtímaljóðlist – langt umfram einfaldar æfingar í myndlíkingum, rími, stuðlum og höfuðstöfum. Að sjálfsögðu er engin nauðsyn til þess að ljóðlínurnar séu fengnar úr ljóðum – þær geta komið úr fréttum, bloggum, greinum, google-niðurstöðum eða hverju sem er.

c)

Hljóðaljóðlistin er sú kúnt að setja saman orð fyrir sakir *hljóðrænna eiginleika*, fremur en t.d. merkingar. Gott dæmi um slíkt, í sinni ýtrustu mynd, er verkið *The Cyborg Opera* eftir kanadíska ljóðskáldið Christian Bök. (sjá t.d. „Motorized Razors“ á www.ubu.com/sound/bok.html). Þar gengur ljóðið skrefinu lengra en rappið með því að leggja algera áherslu á orðanna hljóman – burt séð frá því hvað þau þýða – og oft verða úr því fallegar absúrd-þulur á borð við ljóð *Æra-Tobba* sem maður fær fyrst ást á þegar maður les þau upphátt.

d)

Myndljóðlistin fæst, eins og nafnið gefur til kynna, við hið myndræna – og getur í krafti þess verið æði margt. Til eru verk þar sem bókstöfum hefur verið raðað upp í mynd – ýmist portrett eða skissur úr bókstöfum (sjá mynd 1, ótitlað eftir Derek Beaulieu) eða afstæðubundnar myndir þar sem eitt „i“ getur verið manneskja, líkt og Óskar Árni gerði í bók sinni *Ljóð án orða* – eða orðum og setningum er stýrt með tilliti til þess hvernig þau koma fram á blaðsíðunni, ýmist til að mynda form (t.d. þríhyrning eða eitthvað flóknara) eða þá til að leggja áherslu á samband orðanna hvert við annað með því að stjórna stærð þeirra, lögun, letri og staðsetningu.

e)

Aðferðafræðiljóðlist getur, eins og önnur ljóðlist, verið ansi margt. Frönsku skáldin sem kenndu sig við Oulipo eru líklega frægasta dæmið um skipulega aðferðanálgu á tungumálið. Dæmi um aðferðafræði eru *samhverfur* (e. palindrome), sem eru ljóð sem hægt er að lesa jafnt fram sem aftur, og hefur þessi list helst verið stunduð af Baggalútsmönnum á íslensku (www.baggalutur.is/samhverfur.php). Þar má finna

styttri „ljóð“ á borð við „Amma sá afa káfa af ákafa á Samma“.

Aðrar aðferðir eru t.d. að skrifa texta án þess að nota tiltekinn staf (Georges Perec skrifaði sem dæmi heila skáldsögu án þess að nota „e“), að skipta út öllum nafnorðum í tilteknum texta fyrir það fjórða næsta í stafrófinu („Ó guðaveigar vors landabréfs, Ó landabréf vorra guðaveiga“), eða svonefndir snjóboltar þar sem hver ljóðlína inniheldur eitt orð og orðið í næstu línu á eftir verður alltaf að vera lengra en það sem á undan kom:

Ó
ég
get
ekki
sagað
spýtur

Þá eru í raun öll bundin ljóð aðferðaljóð, þar sem þau notast við ákveðnar hömlur, og áttu margir klassískir bragarhættir sérstakan sess í hjörtum oulipo manna.²

f)

Fjörguð ljóðlist (e. animated poetry) er ljóðlist sem hreyfir sig. Þessa ljóðlist er augljóslega ekki hægt að skrifa á blaðsíður, né heldur er hægt að stunda hana án þess að verða sér úti um nokkra tæknilega þekkingu. Hana er bæði hægt að gera með ýmsum forritum á borð við Macromedia Flash (sem meðal annars er notað til að gera auglýsingaborða fyrir netið) eða með myndbandstökvélum og handavinnu. Mikið af þessari ljóðlist er hægt að finna á Youtube-vefnum (www.youtube.com) - og meðal annars verk á íslensku eftir undirritaðan - með því að slá inn „Kennara með köldu blóði“.

g)

Sjálfsköpunarljóðlist (e. generative poetry) er búin til af vélum og forritum, og skáldin sjá um að búa til vélar. Sem dæmi um þetta má nefna Gogga, eftir Jón Örn Loðmfjörð (www.tregawott.net/goggi), sem býr til

setningar úr leitarniðurstöðum samkvæmt tilteknum reglum, sem skáldinu/forritaranum einum eru ljósar. Hver einasti lesari fær þannig einstakt ljóð sem verður aldrei aftur til eftir að hann lokar netglugganum. Oft og tíðum kemur tóm vitleysa úr vélunum, en þó vill það einnig henda að þær nái snertingu við fagra hluti.

Ljóðlistin hefur skotið sterkum rótum á netinu síðasta áratuginn eða svo. Fólk birtir ljóð sín á bloggum, í sérstökum vefritum helguðum ljóðlist – þar sem smekkur ritstjórnar gegnir hlutverki sínu – selur bækur í gegnum lulu.com, gefur út bækur sem pdf-skjöl o.s.frv. En auk þess eru til skáld, eins og fram kemur hér að ofan, sem beinlínis nýta sér möguleika netmiðilsins til þess að stunda list sína – fjörguð ljóð, sjálfsköpunarljóð, gagnvirk ljóð og ljóð sem sækja orð sín í þessa sprokngótt sem skyndilega er orðin stór hluti daglegs lífs.

IV

Að lokum vil ég vona að það hafi verið sagt nógu oft að maður prófar ekki úr ljóðlist. Ég geng svo langt að fullyrða að það sé glæpur gegn sjálfri fegurðinni. Samræmd próf með krossasvörum um merkingu myndlíkingar – að ég tali nú ekki heils ljóðs – er svo fortakslaus vonska að ég hríðskelf af ofbóði. Ef einhverjum finnst mikilvægt að prófa páfagaukalærdóm og sjá hvort einhver getur skrifað upp Maístjórnuna eða fyrsta erindi Tímans og vatnsins, er það svo sem fjarska meinlaust – en það er þá kennsla í einhverju öðru en ljóðlist.

Eiríkur Örn Norðdahl Höfundur er ljóðskáld og rithöfundur

1. Ljóðið heitir *Að frelsa heiminn*, og er úr ljóðabók minni. *Nihil Obstat* (Nýhil, 2003).

2. Einn þeirra, Raymond Queuneu, orti meðal annars ljóðið *Hundrað þúsund milljarðar ljóða*, sem allt eru sonnettur – þær má finna á listanum yfir vefljóð á www.tregawott.net.



Bakað á staðnum!

Allt í einni ferð

á lægra verði



Ávaxta- og grænmetistorg
ferskleiki og höllustá!



Lífrænt og hollt
ótrúlegt úrval!



Kjöt og fiskur
kjötvinnsla á staðnum!



KRONAN

fyrst og fremst ódýr

Fæðingarorlofi dreift til lengri tíma

Grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennarar

Ég hef áður skrifað um fæðingarorlof kennara en alltaf er hægt að bæta einhverju við. Í þetta sinn ætla ég að fjalla um það þegar fæðingarorlofi er dreift á lengri tíma eins og algengt er. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að það getur haft í för með sér skerðingu á sumarlaunum sumarið eftir fæðingarorlofið. Ég vil hvetja alla þá sem ætla að dreifa fæðingarorlofi sínu til lengri tíma að hafa samband hingað á skrifstofuna til að fá nánari útskýringar á þessu þar sem þetta er mjög mismunandi eftir því hvenær ársins fæðingarorlofið hefst.

Hér verður farið í gegnum helstu atriðin sem hafa áhrif á þetta, það er að mörgu að huga. Þess ber að geta að þetta á ekki við um leikskólakennara.

Þeir sem taka fullt fæðingarorlof án þess að dreifa því til lengri tíma ganga inn í sérstakt samkomulag varðandi fæðingarorlof grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennara og sumarorlof þeirra. Samkomulagið er þannig að ef kennari fer í fæðingarorlof sem lendir á sumartímanum þá telja júní, júlí og ágúst í raun sem einn mánuður og kennari sem ætlar sér að taka 6 mánaða fæðingarorlof fær því 8 mánaða fullt fæðingarorlof (þetta er háð því að viðkomandi komi aftur til starfa). Fæðingarorlofssjóður greiðir 6 mánuði (80% meðalheildarlaun síðustu tveggja tekjuára) og launagreiðandi 2 mánuði, (m.v. mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns). Heimilt er þó að framlengja fæðingarorlofið um 1 mánuð, þannig að það verði 7 mánuðir og bæta svo við 2 mánuðum frá launagreiðanda aftan við það.

Laun kennara yfir sumartímann skiptast í sumarlaun og sumarorlof. Sumarlaun vinnur starfsmaður sér einungis inn af kenndum mánuðum, þ.e. á starfstíma skóla, en fær þau einnig ef fæðingarorlofi er ekki dreift á lengri tíma en 6 mánuði (eða ef framlenging er minna en mánuður), allir fá aftur á móti sumarorlof af a.m.k. 6 mánuðum. Ef lenging verður meira en 1 mánuður (þ.e. fæðingarorlof alls meira en 7 mánuðir) dettur niður sumarlaunahluti nema af kenndum/unnum mánuðum, starfstími skóla vegur því mjög þungt í þessum útreikningum.

Ef fæðingarorlofinu er hins vegar dreift á t.d. 12 mánuði fær viðkomandi jafnar greiðslur allan tímann frá Fæðingarorlofs-sjóði og orlof á fæðingarorlofið er greitt af launagreiðanda. En þá er ekki hægt að eiga inni viðbótardaga eftir fæðingarorlofið heldur ákveður starfsmaður hvað hann ætlar að vera lengi, t.d. 12 mánuði.

Kennari sem kemur ekkert inn yfir veturinn vinnur sér því ekki inn rétt til sumarlauna heldur fær einungis sumarorlofshlutann. Sumarlaun geta því komið misjafnlega út sumarið eftir að fæðingarorlofi lýkur, allt eftir því hvenær ársins fæðingarorlofið hófst. Ég vil hvetja alla þá sem ætla sér að dreifa fæðingarorlofi sínu á lengri tíma að hafa samband ef frekari útskýringa er þörf. Allir eru sammála um að þetta getur verið býsna flókið þegar taka á tillit til margra þátta líkt og kennslumánaða, sumarmánaða, fyrir-framgreiddra launa, úppgerðs orlofs o.s.frv. Því þegar 6 mánaða fæðingarorlofi er dreift á 12 mánuði er það í raun eins og 6 mánaða fæðingarorlof + 6 mánaða launalaust leyfi og launalaust leyfi skapar ekki rétt til sumarlaunahluta, orlofslauna né telur til starfsaldurs. Það er hins vegar skynsamlegt fyrir starfsmann sem er í 100% starfshlutfalli og ætlar að fara í lengra fæðingarorlof að dreifa greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði t.d. á 12 mánuði því þá reiknast fæðingarorlofið til starfsaldurs.

Sá tími sem starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sem starfstími og vinnur hann sér inn rétt til orlofstöku og lengingar orlofs samkvæmt kjarasamningum eins og hann væri í starfi. Sama gildir um starfsaldurshækkunar, veikindarétt, uppsagnarfrest og rétt til atvinnuleysisbóta. Starfsmaður greiðir í lífeyrissjóð að lágmarki 4% meðan á fæðingarorlofi stendur en Fæðingarorlofssjóður greiðir að lágmarki lögbundið mótframlag. Í kjarasamningi segir að starfsmaður launagreiðanda sem er í fæðingarorlofi njóti réttinda til greiðslu



Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir

Ingibjörg Úlfarsdóttir launafulltrúi KÍ

sumarorlofs, persónu- og orlofsuppbótar.

Í lokin langar mig að minna á að mikilvægt er að starfsmaður merki við á eyðublaðinu „Umsókn um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði“ að hann vilji greiða til KÍ í fæðingarorlofinu annars tapar hann öllum félagslegum réttindum þ.m.t. rétti í Vísindasjóði/Endur-menntunarsjóði, Orlofssjóði og Sjúkrasjóði. Þetta atriði gleymist oft og kemur ekki í ljós fyrr en viðkomandi kennari ætlar að nýta sér þessi réttindi sem aðild að KÍ veitir.

Ef þið hafið einhverjar spurningar varðandi þetta eða annað er ykkur velkomið að hringja til mín í síma 595 1111 eða senda mér tölvupóst á netfangið ingibjorg@ki.is

Ingibjörg Úlfarsdóttir
launafulltrúi KÍ



SKÓLI OG LÝÐHEILSA

RÁÐSTEFNA 9. MAÍ 2008
www.lydheilsustod.is



Lágafellsskóli í Mosfellsbæ: Skólastjórastaða í teymi tveggja skólastjóra

Laus er til umsóknar skólastjórastaða við Lágafellsskóla. Í Lágafellsskóla hefur frá upphafi verið byggt á teymisstjórnun. Í því felst að tveir skólastjórar fara sameiginlega með völd skólastjóra samkvæmt lögum, en skiptast á að vera formlegur ábyrgðaraðili út á við, eitt ár í einu.

Lágafellsskóli er 7 ára gamall grunnskóli, staðsettur við Lækjarhlíð í Mosfellsbæ. Í skólanum eru um 650 nemendur í 1.-10. bekk auk leikskóladeildar 5 ára barna. Starfsmenn eru um 120.

Samvera, samvinna og samkennd eru lögð til grundvallar í skólastarfinu af nemendum og starfsmönnum Lágafellsskóla í góðri samvinnu við foreldra. Í skólanum ríkir góður starfsandi og metnaður til góðra verka.

Auglýst er eftir umbótasinnuðum og framtakssömum aðila sem jafnframt hefur burði til að vera leiðtogi fyrir framsækna stofnun, með virkum og skapandi kennurum sem hafa nemendur og þarfir þeirra ávallt í fyrirrúmi. Þá er samstarfsvilji og hæfni í mannlegum samskiptum lykilatriði í stjórnunarteymi sem byggir m.a. á þátttökustjórnun og valddreifingu í samræmi við sýn skólans: SAMVERA-SAMVINNA-SAMKENND.

Frekari upplýsingar um Lágafellsskóla er að finna á heimasíðu skólans <http://lagafellsskoli.is/>

ÆSKILEGT ER AÐ UMSÆKJENDUR HAFI:

- Kennaramenntun og kennslureynsla.
- Stjórnunarhæfileika og reynsla af stjórnun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og sérstaka hæfni til samstarfs.
- Metnað í starfi og áhuga á skólaþróun og nýjungum.
- Framhaldsmenntun, t.d. á sviði stjórnunar og uppeldis- og kennslufræði.

Í samræmi við jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um starfið. Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ.

STAÐAN ER LAUS FRÁ OG MEÐ 1. ÁGÚST 2008.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf auk annarra gagna sem málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 8. maí 2008.

UMSÓKNIR BERIST:

Fræðslu- og menningarsviði Mosfellsbæjar
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Upplýsingar um stöðuna gefur Björn Þráinn Þórðarson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.
Netfang bth@mos.is

Fræðsluvið Mosfellsbæjar





Aðalfundir FF, FG og FL

Aðalfundir þriggja stærstu aðildarfélaganna Kennarasambands Íslands voru haldnir á Grand hóteli dagana 13. og 14. mars sl. Leikskólinn, grunnskólinn og framhaldsskólinn ræddu af fullum krafti um kaup sitt og kjör, um menntafrumvörpin sem enn bíða þess að verða að lögum og fjölmörg önnur mál auk þess að kjósa nýtt fólk til trúnaðarstarfa. Athygli vakti að kennarafélögin þrjú skyldu funda á sama stað og sama tíma en það er til marks um mikinn og vaxandi samhug kennara þvert á skólastig.

Á fundunum var haldinn fjöldinn allur af áhugaverðum gestafyrirlestrum auk þess sem samþykktar voru ályktanir um ýmis mál og stefnur hvers félags um sig í kjaramálum, skólamálum, innra starfi og félagsmálum. Ályktanir, erindi og/eða fleira efni frá aðalfundunum er á www.ki.is á undirsíðum félaga. Kosningar til trúnaðarstarfa fóru fram í öllum félögunum og margir einstaklingar sem hafa unnið sínu félagi gagn í gegnum tíðina en láta nú af störfum voru kvaddir og þeim færðar þakkir.

Eiríkur Jónsson formaður KÍ flutti ávarp við setningu Félags grunnskólakennara og sagði meðal annars að nærtækasta dæmið

„Kennarastéttinni er meiri vandi á höndum að halda fram ágæti sínu en læknum og lögfræðingum,“ sagði Sigrún meðal annars, **„vegna þess að árangurinn af starfi kennara er ekki eins mælanlegur og kemur oft seinna fram.“**

um kosti þess að sameina alla kennara og stjórnendur í ein samtök væri sú mikla vinna sem átti sér stað við endurskoðun laga um skólastigin þrjú og ekki síður endurskoðun laga um lögverndun og kennaramenntun. „Ég er þess fullviss,“ sagði Eiríkur, „að ef kennarar og stjórnendur hefðu verið í þrennum samtökum þegar þessi vinna fór fram hefði niðurstaða hennar orðið önnur.“

Ólafur Loftsson formaður Félags grunnskólakennara reifaði meðal annars undirbúning kjarasamninga og sagðist vænta þess að ný vinnubrögð skilðu sér við samningaborðið. Helstu markmið FG í samningaviðræðunum væru að grunnlaun grunnskólakennara næðu grunnlaunum annarra háskólamenntaðra stétta og væri þá helst horft til framhalds-skólakennara. Auk þess er stefnt að því að semja til stutts tíma og að vinna

að sameiginlegri sýn beggja viðsemda í skólamálum og frekari greiningu á kjarasamningi, samanber samkomulag frá mars 2007.

Sigrún Aðalbjarnardóttir hélt mjög áhugavert erindi á aðalfundi FG og fjallaði um kennarastarfið. „Kennarastéttinni er meiri vandi á höndum að halda fram ágæti sínu en læknum og lögfræðingum,“ sagði Sigrún meðal annars, „vegna þess að árangurinn af starfi kennara er ekki eins mælanlegur og kemur oft seinna fram.“ Sigrún hvatti kennara til að staldra við, ígrunda, skoða lífshlaup sitt og spyrja sjálfa sig: *Af hverju er ég kennari?* Hún sagði að með sterkari sýn á starf sitt væri auðveldara fyrir kennara að halda sjálfstæði sínu og benti á mikilvægi þess að eiga bandamenn í kennslu, en það hefur Hafdís Ingvarsdóttir hefur rannsakað

og fjallað um. Hún lagði jafnframt áherslu á að skólástjórnendur og sveitarfélög þyrftu að leggjast á eitt með kennurum við að skapa lærdómssamfélög og gera kennurum kleift að vaxa í starfi auk þess sem koma þyrfti frábæru starfi þeirra á framfæri við almenning mun betur en nú væri gert. „Við gerum oft ráð fyrir að fólk viti hversu vel er unnið en það veit það ekki,“ sagði Sigrún.

Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður Félags framhaldsskólakennara spurði meðal annars í setningarávarpi sínu hvernig á því stæði að meintar févana ríkisstofnanir gætu hækkað laun en ekki framhaldsskólarnir sem þó skiluðu góðu búi? Hún benti á að árið 2005 voru laun viðmiðunarhópa í BHM um 2,5% hærri en laun framhaldsskólakennara en í júlí árið 2007 voru þau orðin 7% hærri. Þetta væri hluti af stöðugri þróun. „Við erum von að bera launin í framhaldsskólum saman við laun félagsmanna BHM – enda er það eðlilegt. En það er líka fróðlegt að skoða launin í framhaldsskólunum í svölítið öðru samhengi,“ sagði Aðalheiður. „Í fyrra gaf OECD út ritið *Education at a Glance* sem er stútfullt af margvíslegum upplýsingum um menntamál í yfir þrjátíu löndum, meðal annars um hlutfallsleg laun kennara í hverju landi, reiknuð sem hlutfall af landsframleiðslu á mann. Einnig er þarna samanburður á kaupmætti kennaralauna hvers lands. Í ritinu eru upplýsingar um stöðu íslenskra grunnskóla- og framhaldsskólakennara í hópi þjóðanna þrjátíu með tilliti til þessa. Þrátt fyrir alla þá fyrirvara sem verður að setja í alþjóðlegum samanburði þá er ljóst að launin í íslenskum grunnskólum og framhaldsskólum eru með því lægsta sem gerist í samanburðarlöndum OECD.“

Í umfjöllun um framkvæmd stofnana-samninga sagði Aðalheiður fjögur atriði koma oft upp þegar rætt væri um hvernig tekist hefði til með þá. Fólk nefndi í fyrsta lagi að stofnana-samningar leiddu til meiri sveigjanleika og svigrúms í skólunum og fælu í sér sóknarfæri til hærri launa. Í öðru lagi að skólar yrðu að búa við miklu meira öryggi í fjárveitingum en nú væri. Í þriðja lagi væri oft bent á að starfshefðir og þankagangur í skólum væru frábrugðin því sem ætti sér stað í öðrum opinberum stofnunum og meira í þá veru að biða eftir fyrirskipunum að ofan. Loks væri mikið rætt um að mikil hagræðing í rekstri skólanna og betri rekstarafkoma margra þeirra frá og með árinu 2006 skilaði sér ekki í hærri launum.

Á fundinum var samþykkt ályktun um kjarasamninga framhaldsskólakennara þar sem bent er á að þrátt fyrir samskonar launakerfi og hjá viðmiðunarhópum hafi þróun í launum framhaldsskólakennara ekki verið með sama sniði. „Samanburður við hópa á almenna vinnumarkaðnum með samþærilega menntun og ábyrgð í störfum er kennurum afar óhagstæður,“ segir í ályktuninni. „Það er skýlaus krafa að kennarar verði samanburðarhæfir við aðra hópa á vinnumarkaðnum. Kennarastarfið verður að vera eftirsóknarvert og aðlaðandi þannig að eðlileg endurnýjun eigi sér stað í stéttinni.“



Þröstur Brynjarsson varaformaður FL tolleraður í heiðurskyni. Honum var lýst svo á aðalfundinum: „**Kæruleaus heimsborgari, samt með allt á hreinu, ævintýramaður, fer ótroðnar slóðir, einfari þegar það hentar, ljúfur, smekklegur, hugmyndaríkur, staðfastur, hreinskilinn og traustur, áhugasamur um smátt og stórt, börn jafnt sem stóriðjuframkvæmdir.**“

eðlileg endurnýjun eigi sér stað í stéttinni.“ Í lok ályktunarinnar segir: „Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara krefst þess að komandi kjarasamningar leiði að lágmarki til þess að grunnlaun í framhaldsskólum hækki þannig að sú jafnstaða í launum við viðmiðunarhópa sem náðist 2001 verði endurheimt og tryggt.“

Fjórir gestir ávörpuðu fundinn, þau Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður KÍ, Halldóra

Friðjónsdóttir, formaður BHM, Baldur Gíslason skólameistari IR og formaður FÍF og Hróbjartur Árnason lektor við KHÍ og forstöðumaður kennsluréttindabrautar KHÍ.

Elna Katrín sagði meðal annars að kjör grunnskólakennara væru með öllu óviðunandi og til skammar fyrir allt þjóðfélag okkar. Elna minnti á að kennarar, námsráðgjafar og skólástjórnendur sameinuðust í Kennarasambandi Íslands árið 2000

„Samanburður við hópa á almenna vinnumarkaðnum með samþærilega menntun og ábyrgð í störfum er kennurum afar óhagstæður. Það er skýlaus krafa að kennarar verði samanburðarhæfir við aðra hópa á vinnumarkaðnum. Kennarastarfið verður að vera eftirsóknarvert og aðlaðandi þannig að eðlileg endurnýjun eigi sér stað í stéttinni.“



Í lok aðalfundar FF voru eftirfarandi kvaddir og heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins: Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir, Bragi Halldórsson, Friðrik Dagur Arnarson, Sigríður J. Hannesdóttir, Þóra Elfa Björnson og Haukur Már Haraldsson.

vegna þess að þeir trúðu því að sameinuð kennarastétt væri sterkari en sundruð. Kjör leikskólakennara hefðu batnað á síðustu árum sem væri mikið gleðilefni en framhaldsskólakennarar hefðu dregist aftur úr í launum miðað við viðmiðunarstéttir, bregðast yrði við þeirri óheillapróun í samningum í vor og binda svo um hnútana að ekki færi allt í sama farið.

Aðalfundur Félags leikskólakennara var haldinn undir yfirskriftinni *Fljúga fiskar í leikskólum? Líðan í vinnunni – ábyrgð allra*. Í setningarávarpi sínu sagði **Björg Bjarnadóttir** formaður FL að með yfirskriftinni vildi stjórn félagsins beina athyglinni að því jákvæða sem leikskólastarfið hefði upp á að bjóða og starfsgleðinni sem væri mikil í leikskólum

eins og fram kæmi í könnunum. Ekki væri vanþörf á að minna sig á mikilvægi þess að hafa ástríðu fyrir starfi sínu við aðstæður eins og ríkt hefðu í leikskólum í vetur, það er tíð mannskipti, en einnig nefndi Björg þætti á borð við skort á viðunandi rými, aðbúnaði og starfskjörum „sem eru jafnvel talin sjálfsgöð annars staðar í atvinnulífínu. Varla þarf að taka fram að stöðugt aukast kröfurnar sem kallar á breytt vinnubrögð og aukna þekkingu á ýmsum sviðum,“ sagði Björg. Hún fjallaði þessu næst um ímynd leikskólans og starf kynningarnefndar sem leiddi til þess að Dagur leikskólans var haldinn þann 6. febrúar sl. eins og flestum er kunnugt. Björg fjallaði einnig um ímynd kennara í setningarávarpi sínu og sagði að góð ímynd hefði áhrif á kjör og af þeim sökum væri ímyndarvinna mikilvæg. Launin ein og sér byggju ekki til virðingu, þar þyrfti meira að koma til. Björg kom einnig meðal annars inn á umræðuna um fimm ára börnin sem nú stendur yfir og brýndi fólk til að hafa áherslu á velferð og hagsmuni barna í fyrirrúmi í þessari stefnumótun en talsvert virtist á korta þar.

Um kjaramál sagði Björg meðal annars að launin þyrftu að hækka til að kennarar og stjórnendur í leikskólum væru sáttir og leikskólinn samkeppnishæfur á vinnu-markaði. Hún minnti á að 30% kennara hefðu ekki greitt síðasta kjarasamningi atkvæði sitt og það segði meira en mörg orð. „Það gefur líka vísbendingar um að gera má ráð fyrir að væntingar til næstu kjarasamningsgerðar verði töluverðar,“ sagði Björg og bætti við að ný samninganefnd hæfi vinnu undir eins og hún hefði verið kosin, þ.e. 14. mars. „Viðsemjendur eru væntanlega einnig í startholunum,“ sagði Björg. „Nú standa yfir viðræður við félagið okkar í grunnskólum. Þar er mikið verk að vinna og án efa getum

Ályktanir, erindi og fleira efni frá aðalfundunum er á www.ki.is á undirsíðum félaga.

við í okkar kjaraviðræðum stuðst við og nýtt ýmis gögn sem safnað hefur verið saman við það borð. Við óskum þess í einlægni að þeir samningar gangi vel fyrir sig, verði árangursríkir og að þeim verði lokið áður en núgildandi samningur rennur út. Við óskum þess líka að viðræður FL við Launaneftnd sveitarfélaga einkennist hér eftir sem hingað til af trausti og heiðarleika. Það mun ég og mitt félag leggja mig fram um. “

Björg ræddi þessu næst um tíu punkta samkomulagið og sagði frumvarpið um leikskólann fela í sér mjög veigamikla breytingu, þ.e. að felld verða niður barn-gilda- og rýmisviðmið. „Markmiðið með því,“ sagði Björg, „er að losna úr ákveðnum viðjum sem ég tel að viðmiðin hafi oft og tíðum skapað. Breytingin er líka og í raun fyrst og fremst hugsuð til að bæta aðstæður barna í leikskólum á þann hátt að það verði aðstæðubundið hversu mörg börn geta verið í hverjum leikskóla og á hverri deild.“ Hún sagði tilganginn ekki þann að fjölga börnum eins og margir óttuðust heldur að „endurspegla anda laganna, sem er tífundaður enn frekar en í fyrri lögum, og er, að ytri sem innri umgjörð leikskólastarfsemi eigi að miða að því að gera hag barnanna sem bestan, þannig að einstaklingsmiðað nám geti átt sér stað.“

Björg nefndi fleira til sögunnar um þetta frumvarp og kennaramenntunarfrumvarpið, ásamt því að fjalla um lögverndun og um fyrirhugað nýtt félag stjórnenda í leikskólum sem lengi hefur verið í undirbúningi. Hún tilkynnti í lok ávarps síns að hún hygðist bjóða fram krafta sína til starfa fyrir félagið eitt kjörtímabil í viðbót en myndi láta af störfum að því loknu. Þróstur Brynjarsson varaformaður FL er að láta af embætti og Björg tilkynnti að hann yrði kvaddur sérstaklega í fundarlok. „Það hefur verið mikill fengur fyrir félagið að fá að njóta starfskrafta þratar allan þennan tíma,“ sagði Björg, „og ég mun sakna hans sárt sem náins starfsfélaga og vinar.“

Sigríður Lára Ásbergsdóttir og Eiríkur Jónsson ávörpuðu fundinn og á honum voru samþykktar ályktanir um kjaramál, skólamála og fleira sem allar er að finna á www.ki.is Þá hélt Lone Jensen fyrirlestur seinni dag fundarins og fjallaði um starfsgleði. „Litlir hlutir skipta máli upp á vinnugleðina“, sagði Lone meðal annars. „Byrjaðu núna og byrjaðu sjálf eða sjálfur!“

keg

„Litlir hlutir skipta máli upp á vinnugleðina. Byrjaðu létt, byrjaðu núna og byrjaðu sjálf eða sjálfur!“



Grunnskóli Ólafsfjarðar

Umsjónarkennara vantar á miðstigi og í almenna kennslu á mið- og unglíngastigi. Einnig vantar kennara í smíðar og myndmennt og námsráðgjafa í hlutastarf.

Nokkrar staðreyndir um skólann

- hátt hlutfall réttindafólks
- mikill faglegur metnaður
- Olweusskóli
- þróunarverkefnið Meira Val og Námsmat
- góð stærð á bekkjardeildum
- mikil og góð sérkennsla, sem og stuðningur
- gott húsnæði
- góð vinnuástaða
- góður vinnustaður

Í Grunnskóla Ólafsfjarðar eru um 140 nemendur í 1. - 10. bekk. Nánari upplýsingar gefur Þórgunnur Reykjalín Vigfúsdóttir skólastjóri í sínum 464-9220, 864-5997; netfang: threyk@olf.is eða Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir, aðstoðarskólastjóri í sínum 464-9230, 895-2571; netfang: vhedins@ismennt.is. Heimásiða skólans er <http://barnaskoli.olafsfjordur.is/>

Grunnskóli Siglufjarðar

Kennara vantar til starfa næsta skólaár. Meðal kennslugreina eru íþróttir, dans, heimilisfræði, textílmennt og upplýsingamennt. Einnig vantar sérkennara og námsráðgjafa við skólann.

Nokkrar staðreyndir um skólann

- hátt hlutfall réttindafólks
- góður starfsandi
- metnaðarfullt skólustarf
- góð vinnuástaða
- flöggum Grænfána á næstunni
- þróunarvinna við námsmat
- höfum náð árangri í vinnu gegn einelti skv. Olweus ætlan, svo eftir hefur verið tekið.

Í Grunnskóla Siglufjarðar eru 180 nemendur í 1.-10. bekk. Áhugasamir hafi samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 464-9150 og 845-0467 eða í gegnum netfangið skólastjori@sigloskoli.is. Upplýsingar um skólann er að finna á www.sigloskoli.is.

Umsóknarfrestur er til 1. maí nk.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Hugsandi fólk nemur ný lönd

 **Ágúst Einarsson**
rektor

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu og metnaðarfullu námi sem er í nánnum tengslum við atvinnulífið. Námsframboð á Bifröst hefur aukist jafnt og þétt, boðið er upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum, nám í frumgreinadeild auk símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar.

Á Bifröst færðu úrvalsmenntun auk þess sem þér býðst þátttaka í kraftmiklu, lífsglöðu og einstöku samfélagi.

Kynntu þér málið á bifrost.is.



WWW.BIFRÖST.IS

FRUMGREINAEILD

- Staðnám
- Fjarnám

VIÐSKIPTAEILD

- BS í viðskiptafræði
- BS in Business Administration
- MS í alþjóðlegri banka- og fjármálastarfsemi
- MS í alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu

LAGAEILD

- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti

FÉLAGSVÍSINDAEILD

- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS)
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Skemmtilegast uppi á lofti

BETT 2008

BETT námstölu- og námshugbúnaðarsýningin í London var fjölmenn að vanda í ár. Héðan fóru hátt í tvö hundruð manns og allt að þrjátíu þúsund mættu á sýningarsvæðið. BETT er sambland af sýningu, ráðstefnu, málstofum og kaupstefnu og sýnendur skipta hundruðum. Undirrituð var í fyrsta sinn á BETT og sannfærðist ekki um ágæti hennar þótt vissulega væri margt forvitnilegt að sjá og reyna.

Sýningin er of bresk og of stofnanakennd - allt fullt af „executives“, embættismönnum og fjölmiðlafólki - en sem betur fer líka kennurum. Skemmtilegust var efri hæðin þar sem litlu fyrirtækin voru, margir einyrkjar og oft mikið hugsjónafólk sem hafði þróað hugbúnaðinn sinn í grasrótinni árum saman.

Að þessu sinni var greinilega mikil áhersla á sk. **Learning platforms** eða námsstjórnunarkerfi (einnig nefnd námsumsjónarkerfi, sbr. vefumsjónarkerfi). Breska ríkisstjórnin hefur mælst til þess að allir

grunn- og framhaldsskólanemendur verði búnir að fá einstaklingssniðinn netaðgang að slíku gagnvirku kerfi í lok þessa árs með utanumhaldi um nám sitt. Þegar BETT var haldin í janúar börðust mörg fyrirtæki um hituna en fimm þóttu líklegust. Skömmu áður hafði breska stofnunin um samskipti og tækni í skólastarfi (BECTA) mælt með kerfum tíu fyrirtækja sem þóttu uppfylla skilyrði. Eftir að hafa hlustað á fyrirlestur um listnám og UniServity, eitt kerfanna tíu, og lítið lauslega á tvö önnur kerfi (Ramesys og Serco) sýndist mér munurinn ekki tilfinnanlegur í fljótu bragði en samkeppnin var orðin grimmilega hörð.


Nokkrir fleiri þættir voru mjög áberandi á BETT. Í **fyrsta lagi** heyrði maður á vönum BETTurum að sérkennslu væri ekki gert jafnhátt undir höfði og oft áður, enda sérkennarar farnir að færa sig í auknum mæli á sýningar og kaupstefnur sem sérstaklega hverfast um þennan geira. Í **öðru lagi** og engu að síður bar mikið á skóla án aðgreiningar en um leið fór minna fyrir

mannréttindum og fjölmenningu en undirrituð átti von á. Í **þriðja lagi** var mikið lagt upp úr eftirliti með nemendum og námi þeirra. Eftirlitsmyndavélar, símat í námi af ýmsum toga, upplýsingar til foreldra og og fleira af þessu tagi gekk svo langt að minna á persónunjósnir og stóra bróður. Þetta aukna eftirlit tengist líka námsstjórnunarkerfunum og það er spurning hver tilgangurinn er? Eftirlit með almenningi eykst stöðugt og nú einnig í skólum, það er full ástæða til að staldra við og spyrja spurninga. Í **fjórða lagi** var vart þverfótað fyrir hugbúnaði sem tekur mið af tölvuleikjum og þar sem snertiskynið er nýtt ekki síður en sjón og heyrn, einnig var mikið af ýmis konar jaðartækjum kynnt til sögunnar. Í þessum geira er litagleðin líka oft meiri en annars staðar og auðvitað var lang skemmtilegast að leika sér í þessum básum.

keg



BETT 2008



Spor til framtíðar – menntun til sjálfbærni



Er íslenskt skólakerfi tilbúið?

Hvað dettur okkur í hug þegar við heyrum orðin *sjálfbær þróun*? Einhverjum kemur í hug endurvinnsla, aðrir hugsa um stefnumótun sveitafélaga og Staðardagská 21 og enn öðrum finnst þurfa að ræða hugtakið sjálfbær þróun út frá áherslum íslenskra stjórnvalda og Sameinuðu þjóðanna. Auður Pálsdóttir birtir okkur nýja sýn á hugtakið og veruleikann að baki því í þessari stuttu en stórgóðu grein. Málþing um menntun til sjálfbærni verður haldið 16. maí nk.

Kennarar í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa í gegnum árin unnið að ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum til að bæta skólastarf. Mörg þessara verkefna sem og ýmis konar önnur viðfangsefni í skólastarfinu stuðla að menntun til sjálfbærni. En hvað er þá sjálfbær þróun og hvað felur menntun til sjálfbærrar þróunar í sér?

Með hugtakinu *sjálfbær þróun* er lögð áhersla á *þróun*, sem felur í sér gagnrýna afstöðu til þess hvað séu framfarir. Litið er svo á að sjálfbær þróun byggji á þremur stöðum eða meginsviðum sem eru **efnahagsvöxtur**, **félagsleg velferð** og **jöfnuður** og **vernd umhverfisins**. Stundum er rætt um þessar stöðir sem þrjú aðskilda þætti og algengt hefur verið að tengja sjálfbæra þróun eingöngu við umhverfisvernd. Skilningur á hugtakinu hefur þó breyst þannig að nú eru gerðar kröfur um að efnahagsvöxtur, félagsleg velferð og jöfnuður og vernd umhverfisins myndi samofna heild.

Stöðir sjálfbærrar þróunar



Áratugurinn 2005–2014 er áratugur menntunar til sjálfbærrar þróunar hjá Sameinuðu þjóðunum og ríkisstjórn Íslands hefur mótað stefnu um sjálfbæra þróun og menntun sem fram kemur í ritinu *Velferð til framtíðar*. Til að hringja þessum markmiðum í framkvæmd þarf markvissar aðgerðir þannig að börn og unglingar fái tækifæri til þátttöku í verkefnum sem stuðla að sjálfbærni.

Rannsóknar- og þróunarverkefnið **GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða** er framlag til þess að hafa áhrif á skólastarf í þá veru. Markmið þess eru annars vegar að efla rannsóknir á menntun til sjálfbærni og hins vegar að finna leiðir til að efla menntun til sjálfbærni á Íslandi. Er þetta mikilvægt starf í þeirri von að aukin menntun til sjálfbærni geti breytt hegðun fólks þannig að samfélagin verði sjálfbærari og réttlátari fyrir alla. Rannsóknarhópurinn hefur meðal annars farið yfir íslenskar námskrár í leit að teiknum um menntun til sjálfbærni. Þau eru á yfirborðinu fá en þegar grannt er skoðað er þar margt. Mikilvægast er að það þarf samstarf milli kennara við að tengja saman viðfangsefni og námsgreinar og sjá skólastarfið af sjónarhóli sjálfbærni.

Málþing um menntun til sjálfbærni – 16. maí

Rannsóknarhópur GETU-verkefnisins stendur fyrir málþingi í Kennaraháskóla Íslands hinn 16. maí nk. sem ber nafnið **Spor til framtíðar – menntun til sjálfbærni** þar sem einstaklingum frá leik-, grunn- og framhaldsskólum og sveitarfélögum gefst tækifæri á að ræða aðferðir og möguleika á að virkja menntun til sjálfbærrar þróunar. Kynnt verða ýmis verkefni sem stuðlað geta að menntun til sjálfbærni. Málþingið er opið öllum sem áhuga hafa á málefnum. Aðgangur er frír en ætlast er til þess að þátttaka sé tilkynnt með því að senda póst á netfangið GETA@khi.is fyrir 9. maí nk. Þangað má einnig senda fyrirspurnir.

F.h. GETU-rannsóknarhópsins,

Auður Pálsdóttir
Höfundur er kennari í Kennaraháskóla Íslands.

Viðfangsefni sem tengjast menntun til sjálfbærrar þróunar

Gildi, viðhorf og tilfinningar gagnvart náttúru og umhverfi

Talin vera kjarni umhverfisverndar og umhverfisvitundar fólks.

Skynsamlega nýting náttúrunnar

Náttúrufræðileg, félagsvísindaleg og tæknileg þekking sem getur haft áhrif á nýtingu náttúrunnar í framtíðinni.

Velferð og lýðheilsa

Hugtök sem ná yfir félagslega velferð, jöfnuð og lýðheilsu eru talin vera ein af þremur stöðum sjálfbærrar þróunar.

Lýðræði og geta til aðgerða

Eflir sjálfstraust barna og færni í samskiptum, stuðlar að betri velferð, andlegri heilsu og þátttöku í samfélaginu.

Jafnrétti og fjölmening

Kynjajafnrétti og margbreytileiki mannlífs eru talin meðal forsendna menntunar til sjálfbærrar þróunar.

Alheimsvitund/alþjóðavitund

Eykur skilning á alþjóðlegum málefnum og hvetur til sameiginlegrar ábyrgðar á jörðinni allri og íbúum hennar.

Efnahagsþróun og framtíðarsýn

Skilningur á efnahagsþróun og samhengi nútíðar og framtíðar. Fræðsla um neytendamál í nútíð og framtíð.

Hefur þú brennandi áhuga á góðri menntun barna og vellíðan? **Áhugaverð störf í grunnskólum Garðabæjar næsta skólaár**

Grunnskólar Garðabæjar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku kennara og annarra starfsmanna. Í skólastefnu Garðabæjar koma fram áherslur bæjarins í skólustarfi. Þar má meðal annars nefna að taka skuli mið af þörfum hvers og eins nemanda, ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði sem og stuðla að góðri félags- og samskiptafærni og síðast en ekki síst að laða að vel menntað og hæft starfsfólk.

Garðabær hefur á undanförunum árum lagt sig fram við að bæta kjör og aðstöðu kennara og annarra starfsmanna. Í grunnskólunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi með þátttöku í markvissri símenntun. Þar má nefna að Garðabær styður kennara sem hyggjast stunda framhaldsnám.

Flataskóli sími 565 8560, sigurveig@flataskoli.is

- Umsjónarkennari á miðstigi
- Sérkennari
- Íþróttakennari 50% staða
- Þroskaþjálfari
- Stuðningfulltrúar í 75% starf
- Matráður í mótuneyti kennara 75% starf

Sjáländsskóli sími 590 3100, helgi@sjalandsskoli.is

- Umsjónarkennarar á mið- og efsta stigi
- Sérkennari
- Kennari í náttúrufræði
- Kennari í smíði
- Þroskaþjálfari
- Skólaliðar

Hofsstaðaskóli sími 556 7033, margreth@hofsstadaskoli.is

- Umsjónarkennarar á yngra stig
- Umsjónarkennarar á miðstig
- Tónmenntakennari
- Námsráðgjafi
- Þroskaþjálfari
- Skólaliðar

Umsóknir berist skólastjóra hvers skóla sem veitir nánari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.

Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við hlutaðeigandi stéttarfélag.



Garðabær – þjónusta til þín

Fræðslu- og menningar svið

- ✓ Gagnvirkt efni
- ✓ Verkefni til útprentunar
- ✓ Kennsluleiðbeiningar
- ✓ Fræðslumyndir (niðurhal)
- ✓ Upplýsingaefni
- ✓ Krækjur

www.nams.is



NÁMSGAGNASTOFNUN

Aðalfundur Skólafélags Íslands

Skólafundurinn í grunnskólum héldu sinn síðasta aðalfund fyrir þing KÍ þann 12. október 2007 í Reykjanesbæ. Fundurinn var haldinn í tengslum við námstefnu félagsins eins og tíðkast hefur hjá SÍ og gefið góða raun. Hanna Hjartardóttir fráfarandi formaður setti fundinn og flutti skýrslu stjórnar en þar er meðal annars rætt um hvornig unnt sé að aðskilja SÍ og Félag grunnskólakennara (FG) í kjarasamningum. Bæði félögin eru sammála um nauðsyn þessa en illa hefur gengið að sannfæra viðsemjendur um hið sama.

Í skýrslu stjórnar kom fram að félagið hefur hug á að beina alþjóðlegu samstarfi að einhverju leyti í annan farveg en verið hefur. Hingað til hefur samstarf verið mest við félög skólafélaga á hinum Norðurlöndunum. Í þessu samhengi hafa verið nefnd Evrópusamtök skólafélaga, ESHA (European School Heads Association) en næsta þing þeirra verður haldið í september n.k. í Kaupmannahöfn. Skýrsla stjórnar er á www.ki.is á vefsíðu SÍ.

Þrjár nefndir störfuðu á fundinum; allsherjarnefnd, kjaranefnd og menntamálanefnd. Meðal annars var samþykkt ályktun

þar sem aðalfundurinn lýsti yfir áhyggjum sínum af starfsmannaskorti og einnig var samþykkt að beina því til stjórnar SÍ að kanna hversu mikil mannekla væri í grunnskólum. Tvær tillögur frá kjaranefnd voru samþykktar á fundinum og þar önnur þeirra yfirskriftina **Meginþungi kröfugerðar vegna kjarasamninga 2008** en innihald hennar endurspeglast í meginmarkmiðum SÍ sem síðan voru sett:

- Að laun skólafundenda verði að lágmarki jöfn launum fyrir sambærileg stjórnunarstörf.
- Að skólafundendur fái framhaldsnám metið á svipaðan hátt og aðrar sambærilegar starfsstéttir.
- Að skólafundendur fái starfsaldur/fagaldur metinn til launa á svipaðan hátt og aðrar sambærilegar starfsstéttir.
- Að launabil innan stjórnendahópsins verði skoðað og viðmiðin sem ákveða bilin svo og munur á milli starfsheita.
- Að vinnutímarammi ársins með tilliti til fastlaunasamnings verði skilgreindur.

Skólafélag Íslands telur að í tölulegri greiningu á kjarasamningi LN og KÍ vegna

grunnskólans, komi skýrt fram að í efnisþáttum allra ofangreindra markmiða sé hallað á félagi SÍ miðað við það sem er hjá öðrum sambærilegum starfshópum sem LN semur við. Skólafélag Íslands gerir sér grein fyrir því að erfitt getur orðið að verða við markmiðunum á einu samningstímabili og því kunni að vera æskilegt að semja til styttri tíma en gert hefur verið í undanförunum samningum.

Einnig var tekið fram í tillögunni að skoða bæri málefni skólafélaga fámennra skóla og starfsfólks á skólaskrifstofum sérstaklega. Ályktarnir og samþykktir eru á www.ki.is á vefsíðu SÍ undir Fundir og þing/Samþykktir frá aðalfundi.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson var sjálfkjörinn formaður Skólafélags Íslands og þakkaði hann félagsmönnum sínum traustið og fráfarandi stjórnarmönnum vel unnin störf. Í stjórn SÍ voru kosin samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar þau Guðlaug Erla Gunnarsdóttir aðstoðarskólafélags Álfatnesskóla, Þórður Kristjánsson skólafélags Seljaskóla, Unnar Þór Bóðvarsson skólafélags Hvolsskóla og Eyrún Skúladóttir deildarstjóri Lundarskóla.

keg

Hús í skógi og annað við hafið

Tvenn dönsk hjón vilja skipta á húsnæði og bíl við Íslendinga í sumarleyfinu:

Kære kolleger i Island!

Vi er to pensionistægtepar i 60'erne, der gerne vil bytte hus og bil med kolleger på Island. Vi tilbyder selv hus og bil i god kvalitet:

A) bor i Gistrup ved Aalborg i et stort hus direkte til skoven

B) bor i et helårs-sommerhus i Lønstrup direkte til havet

Vi foreslår en 14 dages ferie inden for perioden 15. juli - 15. august. Gerne to ægtepar, som kender hinanden, men ikke nogen betingelse.

Lad høre fra jer ved at sende en mail til Knud Erik Andersen, mail: knea@km.dk

FEKÍ, Félag enskukennara á Íslandi, kynnir viðburði í vor og sumar:

APRIL

On April 26th our annual general meeting will be held at Kjarvalsstaðir from 10:00 – 14:00. The meeting is attended by representatives from Longman Pearson. longmanpearson.com

JUNE 15th – JUNE 25th

This year's summer course, „Canada in a Cross Curricular Crossing“, takes place in June and is held at St. John's College, University of Manitoba in Winnipeg. It should appeal to many, especially those interested in English, Icelandic and history.

David Arnason, head of the department of English, organizes the course and describes it's main theme thus: „... the course should cover a wide range of topics and at the same time provide the teachers ... with an enjoyable experience ... Almost every country in the world is represented in Winnipeg ...

Iceland is becoming increasingly multicultural itself, and I think that teachers might find comparisons interesting.“ More info: www.endurmenntun.is and johanngt@msund.is (Jóhann G. Thorarensen)



Canada in a Cross-Curricular Classroom

Þann 15.-25. júní nk. heldur FEKÍ (félag enskukennara) í samstarfi við endurmenntun HÍ þverfaglegt námskeið í Kanada. Þar verður farið í sögu Kanada, pólitískt umhverfi þess, Íslendingabyggðir í Kanada, kanadískar bókmenntir og enskukennslu í rafrænu umhverfi. Einnig verður farið í ýmsar ferðir um íslendingabyggðir og nánasta umhverfi svæðisins.

Umsjónarmaður námskeiðsins er David Arnason, rithöfundur.

Nákvæma dagskrá ásamt kostnaði er að finna á nýrri heimasíðu félagsins www.ki.is/feki undir námskeið eða á slóðinni www.ki.is/pages/1680.

Skráning fer fram hjá endurmenntun á slóðinni: www.endurmenntun.is/Forsida/Namsframbod/Framhaldsskolakennarar/Sumarnamskeid/Nanar/429V08

Lokadagur skráningar er 15. maí og er námskeiðið styrktarhæft.

Aðalfundur Félags Tónlistarskólakennara

Aðalfundur Félags tónlistarskólakennara var haldinn 29. febrúar sl. í Kornhlöðunni á Lækjarbrekku í Reykjavík. Hátt í fimmtíu félagsmenn sátu fundinn þar sem meðal annars var rætt um alþjóðlegt samstarf en það er í örur vexti í félaginu um þessar mundir. Í upphafi þessa árs tók Sigrún Grendal formaður FT við formennsku í NUMU, samtökum norrænna tónlistarskólakennara, og í lok apríl verður tekin til afgreiðslu umsókn félagsins um aðild að Evrópusamtökum tónlistarskóla (EMU). Félag tónlistarskólakennara hefur verið með tímabundna aðild að EMU undanfarin ár en uppfyllir nú skilyrði til fullrar aðildar í kjölfar lagabreytinga á aðalfundinum.

FT á einnig aðild að Alþjóðasamtökum um tónlistarmentun (ISME) og þess má geta að aukinna alþjóðasamskipta gætir í fleiri aðildarfélögum, auk Kennarasambandsins í heild, sem endurspeglar breytt viðhorf í kennarasamfélaginu til gildis slíkra tengsla. Sigrún Grendal var endurkjörin formaður á fundinum og flutti skýrslu stjórnar við setningu hans en þar segir meðal annars um starfið í NUMU: „Stjórn félagsins fundaði nýverið með öðrum fulltrúum úr Íslandsdeild NUMU (FT, STS og TKÍ) og var m.a. farið yfir það sem Íslandsdeildin vill leggja áherslu á í starfsemi NUMU í forystutíð Íslands. Fundarmenn voru sammála um að leggja áherslu á tvö verkefni: „*Det kulturelle veksthus*“ sem er samstarfsverkefni NUMU og NMKU, og kennara og stjórnendaskiptaverkefni sem kynnt var á svæðisþingum tónlistarskóla haustið 2006. Til stóð að síðara verkefnið væri nú þegar komið í framkvæmd en þar sem fjármagn fékkst ekki inn í verkefnið hefur orðið bið þar á. Markmiðin með verkefninu eru m.a. að víkka sjónvæðingarsvæði skólalæra og kennara með því að gefa þeim tækifæri til að kynna starfsemi annarra tónlistar- og listaskóla á Norðurlöndum auk þess að örva grasrótarsamstarf kennara, skólalæra og lista- og tónlistarskóla á Norðurlöndum almennt. Stjórn félagsins hyggst tala fyrir því að verkefninu verði haldið til streitu en þátttakendur látnir sækja um styrki sjálfir hver á sínum vettvangi. Þannig yrði ekki um neinar takmarkanir á þátttöku að ræða heldur réðu mögulegar fjármögnunarleiðir í hverju landi hver þátttakendafjöldinn yrði. Samfara fyrrgreindum verkefnum er hugmyndin að upp byggðist gagnabanki og tengslanet byggist upp á heimasíðu NUMU.“ Skýrsla stjórnar FT er í heild á www.ki.is á vefsíðu félagsins.

Á fundinum voru teknar fyrir lagabreytingartillögur frá stjórn FT. Helstu tillögur lutu að stofnun svæðadeilda innan félagsins



Fagråd tónlistarskóla/tilnefningar skólalæra og kennara

Hinn nýi vettvangur, fagråd tónlistarskóla, er opin breiðum hópi þeirra aðila sem fjalla um fagleg málefni og skólamál. Þeir sem eiga rétt á aðild að fagráðinu eru:

- Skólalærar tónlistarskóla
- Fulltrúi kennara/trúnaðarmaður í tónlistarskóla,
- Fulltrúi tilnefndur af yfirmanni fræðslumála hjá sveitarfélagi sem rekur tónlistarskóla eða eftir atvikum af stjórn skóla þar sem um sjálfseignarform er að ræða,
- Formenn stjórna svæðadeilda innan FT
- Stjórn FT



Stjórn Félags tónlistarskólakennara 2008-2011. Frá vinstri: Jón Sigurðsson gjaldkeri, Sigrún Grendal formaður, Árni Sigurbjarnarson varaformaður, Júlíana Rún Indriðadóttir ritari og Jón Hrólfur Sigurjónsson meðstjórnandi.

samkvæmt þeirri svæðaskiptingu sem viðhöfð hefur verið í kringum svæðisþing tónlistarskóla, heimild til stofnunar faghópa tónlistarkennara/stjórnenda og útvíkkun á skólamálanefnd í „Fagråd tónlistarskóla“. Liflegar umræður fóru fram um tillögu um stofnun fyrrgreinds fagráðs og tóku ellefu manns til máls. Ein breytingartillaga kom fram úr sal ásamt frekari breytingartillögum frá stjórn. Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um lagabreytingartillögurnar sem voru samþykktar samhljóða að undanskilinni tillögunni um stofnun fagráðs sem var samþykkt með þorra atkvæða gegn fimm. Ný lög félagsins hafa verið birt á heimasíðu

FT, bæði á íslensku og ensku.

Lagabreytingatillagan um stofnun svæðadeilda felur í sér að deildirnar verða þrjár: Vesturland og Vestfirðir, Norður- og Austurland og loks höfuðborgarsvæðið, Suðurland og Suðurnes. Í tillögunni um fagráðið kemur fram að stjórn þess skuli vera skipuð fjórum fulltrúum auk stjórnarmeðlima FT. Auglýst er eftir framboðum og tilnefningum í stjórnir svæðadeildanna fyrir 10. maí n.k. og eftir tilnefningum í fagráðið fyrir 30. Maí nk. en hver tónlistarskóli getur tilnefnt einn kennara í ráðið. Ný lög FT eru á www.ki.is

Við Djúpið

Hátíð á heimsmælikvarða - bæði numið og notið

Tónlistarhátíðin og masterklassarnir Við Djúpið verða haldnir í sjötta skipti dagana 17.-23. júní á Ísafirði. Hátíðin fer fram þegar sólin er sem hæst á lofti í kringum Jónsmessu og stemningin verður örugglega einstök. Þetta er óviðjafnanleg upplifun sem kennarar, tónlistarmenn og tónlistaráhugamenn eiga sannarlega að gefa gaum.

Ákaflega spennandi dagskrá er í boði í ár sem endranær – sannkallaður suðupottur tónlistar. Kennt er á hverjum degi á meðan á hátíðinni stendur og allir koma fram á tónleikum, bæði kennarar og nemendur. Það er hátíðinni mikil ánægja að fá til liðs við sig **Pekka Kuusisto**, fiðluleikara, sem hefur skipað sér í röð áhugaverðustu fiðluleikara ungu kynslóðarinnar í heiminum, og **Hákon Austbø**, margverðlaunaðan píanóleikara. Nýjung í ár er svo óperustúdíó fyrir söngvara með þeim **Hönnu Dóru Sturludóttur** sópransöngkonu og **Kurt Kopecky**, tónlistarstjóra Íslensku óperunnar, og kammernámsskeið sem **Una Sveinbjarnardóttir** fiðluleikari mun stýra, en hún verður einnig með fiðlunámsskeið á hátíðinni.

Allar mögulegar samsetningar af tónlistarhópum geta sótt kammernámsskeiðið og notið þess um leið að starfa náið saman meðan á námskeiðinu stendur. Eftirfarandi listamenn koma fram og kenna:

Pekka Kuusisto - fiðla

Hákon Austbø - píanó

Hanna Dóra Sturludóttir, sópran, og Kurt Kopecky, hljómsveitarstjóri/píanisti - óperustúdíó

Una Sveinbjarnardóttir - fiðla og kammertónlist

Davíð Þór Jónsson - djass/spuna píanó

Tinna Þorsteinsdóttir – píanó.

Nánar um námskeiðin

Fiðlan: Pekka Kuusisto kennir á frábrugðnu og skemmtilegu námskeiði á hátíðinni. Pekka hefur skipað sér framarlega í röð fiðluleikara en er ekki vanur að kenna á námskeiðum. Það ætlar hann samt að gera á Ísafirði í sumar og er hér því um einstakt tækifæri að ræða.

Píanóið: Hákon Austbø kennir á píanó á hátíðinni 2008. Hann hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð píanóleikara og hefur hlotið fjölda viðurkenninga. Hákon hefur stundað kennslu meðfram einleikaraferli nánast alla



- Tónlistarhátíðin og sumarnámsskeiðin Við Djúpið eru árlegir viðburðir í tónlistarlífinu. Í gegnum árin hafa færustu tónlistarmenn á sínu sviði boðið upp á fjölbreytta tónleika og masterklassa alla daga hátíðarinnar og þar stendur öll tónlist jafnfætis, klassík, djass, popp og nútímatónlist. Nemendur á sumarnámsskeiðum koma einnig fram á hátíðinni.
- Með metnaðarfullri dagskrá hefur hátíðin skipað sér í sess framsæknustu tónlistarhátíða landsins. Meðal þeirra listamanna sem fram hafa komið og kennt má nefna Erling Blöndal Bengtsson sellóleikara, Vovka Stefán Ashkenazy píanóleikara, Sigrúnu Hjálmtýsdóttur söngkonu, Evan Ziporyn tónskáld og klarinettuleikara með meiru, Davíð Þór Jónsson, Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikara og marga fleiri. Einnig hafa ýmsir tónlistarhópar verið á dagskrá hátíðarinnar, svo sem Aton, Flís og Pacifica kvartettinn.
- Tónlistarhátíðin Við Djúpið er haldin á Ísafirði og nágrenni. Ísafjörður á sér langa og merkilega sögu og allt frá öndverðri síðustu öld hefur tónlist verið samofin sögu kaupstaðarins. Hátíðin er haldin í samvinnu margra aðila. Tónlistarskóli Ísafjarðar og Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar hafa skipað sér í fremstu röð aðstandenda hennar, en TÍ er einmitt aðalvettvangur hátíðarinnar auk þess sem Edinborgarhúsið hýsir marga af lykilviðburðum dagskrárinnar.
- Hátíðin er haldin í náinni samvinnu við Listaháskóla Íslands og tónlistardeild hans veitir nemendum sínum einingar fyrir þátttöku á námskeiðunum.

tíð og verið prófessor við Konservatoríið í Amsterdam auk þess sem hann tók nýlega við stöðu prófessors í Stavangerháskóla.

Fiðlan og kammertónlistin: Una Sveinbjarnardóttir fiðluleikari kennir á námskeiði í kammertónlist. Fólk með alls konar bakgrunn getur tekið þátt í þessu námskeiði og notað tækifærið til að vinna náið saman undir stjórn Unu sem hefur víðtæka reynslu á þessu sviði.

Söngurinn: Hanna Dóra Sturludóttir ásamt Kurt Kopecky kenna á námskeiði í söng. Sérstök áhersla verður lögð á óperusöng og því er ákaflega gaman að Kurt, tónlistarstjóri Íslensku óperunnar, skuli slást í hópinn.

Spunapíanóið: Davíð Þór Jónsson píanóleikari með meiru kemur aftur í ár með námskeið í spunapíanóleik. Námskeið hans í fyrra mæltist einstaklega vel fyrir og því er sérstaklega gaman að fá hann aftur. Námskeiðið er tilvalið fyrir alla, bæði lengra komna og byrjendur sem áhuga hafa á að glamra svolítið á píanó.

Ög meira píanó: Tinna Þorsteinsdóttir leggur áherslu á píanótækni nýrrar tónlistar. Hún hefur frumflutt hátt á þriðja tug verka og sérhæft sig í flutningi nútímatónlistar.

Allir til Ísafjarðar í júní! Vefur hátíðarinnar er með slóðina www.viddjupid.is/

Janusbúðin!

Hljó og falleg ullarföt á
alla fjölskylduna!

Frábært úrval!
Gott verð!



JANUS


...fyrir þig og þína

Janusbúðin

Barónsstíg 3
101 Reykjavík
s. 552-7499
fax. 562-7499

Amaróhúsinu
Hafnarstræti 99-101
600 Akureyri
s. 461-3006

www.janusbudin.is



ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN

Vekjum athygli á því sem vel er gert

Látum vita af öflugu skólastarfi, góðum kennurum
og námsefni, með því að tilnefna þá aðila sem skara framúr
í íslensku grunnskólastarfi.

Tilnefningar skal senda hvort sem er til skrifstofu forseta Íslands,
Staðastað, Sóleyjargötu 1, 150 Reykjavík
eða á menntaverdlaun@forseti.is

Síðasti skiladagur tilnefninga er **mánudaginn 14. apríl 2008**
Nánari upplýsingar á www.forseti.is



— eru bakhjarl Íslensku menntaverðlaunanna



Endurmenntun framhaldsskólakennara

- sæktu þér aukinn styrk

- » Fjölbreytt framboð sumarnámskeiða
- » Vettvangsnám fyrir tungumálakennara og verknámskennara
- » Nám á MA stigi: Að vanda til námsmats



Nánari upplýsingar eru á www.endurmenntun.is eða í síma 525 4444.

Á vefsíðunni er einnig að finna reglur um úthlutun styrkja auk annarra hagnýtra upplýsinga.

Námskeiðin/námið er styrkt af Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara.



Forsetinn í Hrafnagilsskóla

Tekið vel á móti öllum nemendum og góðvild lykilþáttur í skólastarfinu

Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit hlaut Íslensku menntaverðlaunin 2007 og af því tilefni heimsótti forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, skólann í febrúar sl. ásamt eiginkonu sinni Dorrit Moussaieff. Með þeim í för voru fulltrúar Sparisjóðanna en þeir eru styrktaraðilar verðlaunanna.

Tekið var á móti forsetahjónunum í samverustund þar sem allir nemendur og starfsfólk voru saman komin. Nemendur sáu um flutning á söng, leiklist og upplestri og fengu jafnframt tækifæri á að spyrja forsetann ýmissa spurninga. Einnig voru þeim hjónum færðar gjafir. Dorrit fékk pítsuhjól úr eldsmiðju Beate Stormo á Kristnesi í Eyjafjarðarsveit og Ólafur fékk hníf sem handsmíðaður var af Gunnari Rúnari Guðnasyri smíðakennara við skólann. Forsetahjónin gengu svo um skólann og gáfu sér góðan tíma til að skoða skólastarfið og ræða við nemendur og starfsfólk. Heimsókninni lauk með máltíð í mótuneyti skólans með nemendum og starfsfólki ásamt sveitarstjórn og skólanefnd Eyjafjarðarsveitar.

„Íslensku menntaverðlaunin eru í mínum huga fyrst og fremst hvatning fyrir grunnskólann þar sem verið er að vekja athygli á því sem vel er gert,“ segir Karl Frímannsson skólastjóri Hrafnagilsskóla. „Í

grunnskólum er unnið mikilvægt starf sem lýtur bæði að menntun þjóðarinnar en ekki síður að uppeldislutverki grunnskólans og þeim uppeldisþáttum sem verða að vera fyrir hendi svo að árangursríkt skólastarf geti átt sér stað. Á þessum grundvallarþáttum er fyrst og fremst verið að vekja athygli. Þegar vel tekst til í skólastarfi er ánægjan mikil í skólasamfélaginu en þegar miður fer eru allir ósáttir sem ber vott um að grunnskólastarf sé mikils metið í okkar samfélagi. Grunnskólinn snertir með beinum hætti að minnsta kosti 50% fólks í samfélaginu, það er börn á aldrinum sex til sextán ára og foreldra þeirra og því til viðbótar ömmur og afa, starfsfólk, samstarfsaðila og yfirvöld. Mikilvægi grunnskólastarfs verður seint ofmetið.“

Við veitingu Íslensku menntaverðlaunanna í Ingunnarskóla á vordögum 2007 sagði forsetinn m.a. um skólann: „Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit hefur um árabíl vakið athygli fyrir framsækni og farsælt skólastarf. Sýn skólans er sú að allir hafa hið góða í sér og möguleikann til að verða betri manneskjur. Þessi einkunnarorð endurspeglast í væntingum starfsfólks til nemenda. Virðing þess fyrir nemendum kemur fram í því hvernig það ræðir við þá og hlustar á sjónarmið þeirra. Skólaheit nemenda er: *Ég kem í skólann til að læra og*

„Og eruð þið svo dugleg að tefla?“ spurði forsetinn nemendur í 2. bekk. „Já,“ var svarið hjá stúlku sem sækir skákæfingar. „Vinnur þú þá alla í bekknum?“ var næsta spurning. „Já ... eða nei annars,“ svaraði hún, „Alexander vinnur mig stundum af því að ég er búin að kenna honum svo mikið.“



nýta hæfileika mína til fulls.

Í daglegu skólastarfi fer fram umfjöllun um dyggðir þar sem ábyrgð, góðvild og virðing eru kjarninn. Samverustundir allra nemenda eru fastur liður í skólastarfinu. Þar er rætt um dygð mánaðarins og nemendur á öllum aldri koma fram og kynna viðfangsefni sín og ræða mál sem þeim liggja á hjarta. Nemendur hafa fengið viðurkenningu fyrir góða hegðun utan skólans, svo sem á íþróttamótum.

Undir sterkri forystu stjórnenda hefur skólinn lagt áherslu á framsækni í kennslu-háttum og námsmati. Nýjustu umbótaskref skólans felast í einstaklingsmiðuðum kennslu-háttum, samkennslu, áformum nemenda um nám, námsmóppum, samvinnuprófum og sjálfsmati. Skólinn leggur metnað sinn í að taka vel á móti öllum nemendum og þykir taka einstaklega vel á móti nemendum sem hafa sértækar þarfir í námi.

Hrafnagilsskóli starfar í nánnum tengslum við samfélagið. Almenn ánægja er meðal foreldra með skólastarfið og gildir þá einu hversu ríkar þarfir börn þeirra kunna að hafa. Foreldrar telja sig hafa gott aðgengi að starfsmönnum skólans en hann býður

foreldrum og nemendum að kennarar komi í heimsókn á heimili þeirra til að ræða um nám og kennslu og væntingar til skólastarfsins. Náin samvinna er við leikskólann og tónlistarskólann og mánaðar-legt fréttablað skólans berst inn á hvert heimili í sveitarfélaginu.“

„Íslensku menntaverðlaunin hafa mikið gildi fyrir Hrafnagilsskóla og allt skóla-samfélagið sem að honum stendur,“ segir Karl. „Þau eru hvatning til að gera vel og líkt og forsetinn nefndi í ávarpi sínu í heimsókninni þá liggur í hlutarins eðli að kröfurnar um að gera vel aukast þegar skóli fær slíka viðurkenningu. Heimsóknin og það sem Ólafur Ragnar sagði um skólastarfið í fjölmiðlum er til þess fallið að móta hvetjandi og eflandi viðhorf til skólans og vonandi tekst þeim aðilum sem að verðlaununum standa að skipa þeim veglegan sess í samfélagsumræðunni. Grunnskólinn þarf á bæði aðhaldi og hvatningu að halda,“ sagði Karl að lokum.



DYGGÐIR

Einn af hornsteinum Hrafnagilsskóla

Sjá nánar á www.krummi.is

Fræðsla um dyggðir og gildi felur í sér að börnum er innrætt virðing, góðvild og ábyrgð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Slík uppfræðsla er undirstöðuatriði í þroska barnsins og menntun þess skilar ekki tilætluðum árangri án hennar. Siðræn gildi gæða verkin merkingu.

Ábyrgð, góðvild og virðing eru kjarni dyggðifræðslunnar í skólanum. Jafnframt eru aðrar dyggðir teknar til umfjöllunar, svo sem hjálpssemi, samvinna, heiðarleiki, kurteisi, réttlæti, vinátta og friður.

Markmið umfjöllunar og kennslu um dyggðir eru meðal annars eftirfarandi:

- að vekja til umhugsunar um hvernig samskipti manna þurfa að byggjast á siðrænum gildum
- að vekja með nemendum löngun til að láta gott af sér leiða í samfélagi sínu
- að efla nemendur til að taka ábyrgð á orðum sínum og gerðum

Ýmsar leiðir eru farnar til að fjalla um dyggðir og tengja þær daglegu lífi. Notaðar eru sögur, dæmisögur og ljóð, nemendur fá ritunarverkefni og verkefni í leikrænni tjáningu. Þá gefast mörg tækifæri í gæðahring til umræðna um dyggðir og álitamál þeim tengd.

Starfsmenn nota tækifæri sem gefast til að vekja athygli á því þegar einhver sýnir dyggð í verki, hvort heldur er meðal nemenda eða atvik úr þjóðlífi eða fréttum. Þegar taka þarf á samskiptavanda eða óásættanlegri hegðun er gjarnan vísað í dyggðir og nemandinn fenginn til að finna lausn sem samræmist þeim. Þannig er reynt að samþætta vinnu með dyggðir öllu starfi skólans.

Á vef skólans www.krummi.is eru upplýsingar um aðra hornsteina í skólastarfinu.

CAPACENT KÖNNUN

Kynbundinn launamunur í kennslu 5%

Meðalgrunnlaun framhaldsskólakennara í október 2007 voru 295 þúsund krónur en 405 þúsund með yfirvinnu. Meðalgrunnlaun leikskólakennara voru 261 þúsund krónur á sama tíma en meðalheildarlaun þeirra 297 þúsund krónur. Meðaltal grunnlauna tónlistarskólakennara voru 291 þúsund krónur en meðalheildarlaun þeirra 331 þúsund krónur. Meðalgrunn- og heildarlaun grunnskólakennara voru lægst meðal aðildarfélagi KÍ, grunnlaunin voru 242 þúsund krónur en heildarlaunin 285 þúsund krónur. Þetta kemur m.a. fram í kjarakönnun, sem Capacent Gallup gerði fyrir Kennarasamband Íslands og kynnt var á fjórða þingi Kennarasambands Íslands sem haldi var dagana 9. – 11. apríl sl.

Í könnun Capacent Gallup kemur fram að nokkur munur er á heildarlaunum kynjanna þar sem karlmenn eru að jafnaði með 18% hærri laun en konur. Þegar búið er að taka frá áhrif vinnutíma, menntunar, starfsaldurs og aðra sambærilega þætti er kynbundinn

launamunur 5%.

Framhaldsskólakennarar hafa lengstan vinnutíma af kennarastéttunum, eða 52,2 stundir á viku. Þeir telja sanngjörn laun fyrir sína vinnu vera 503 þúsund krónur á mánuði eða 24% hækkun. Leikskólakennarar vinna 42,7 stundir, vilja 396 þúsund krónur í laun eða 33,5% hækkun; tónlistarskólakennarar vinna 44,4 stundir, vilja 428 þúsund króna launa eða 29,5% hækkun; grunnskólakennarar vinna 46,4 stundir á viku, telja sanngjörn laun 417 þúsund krónur eða 45,9% hækkun. Í heild telja félagsmenn Kennarasambandsins 451 þúsund króna laun vera sanngjörn sem er 34,7% hækkun. Karlmenn vinna að jafnaði um þremur stundum lengur á viku en konur. Meðal þeirra sem eru í 70 til 100% starfshlutfalli telja karlar 33,9% launa-hækkun sanngjarna en konur að launa-hækkunin ætti að vera 43,4%. 2.796 félagsmenn KÍ tóku þátt í könnuninni og var svarhlutfall 64,8%.

Lesið um könnunina á www.ki.is

Vissirðu að ...



nýr kynningarbæklingur um kennara og KÍ kom úr prentun tímanlega til að rata inn á fjórða þing Kennarasambandsins? Í bæklingnum er sagt frá KÍ og þeirri þjónustu sem það veitir félagsmönnum og fjallað er um kennarastarfið. Bæklingurinn er ætlaður kennurum og gestum þeirra sem vilja kynna sér KÍ og kennarastarfið.

Tök á tilverunni –
auglýst eftir erindum
og öðru efni

Hefur þú eitthvað áhugavert fram að færa um ADHD eða athyglisbrest og ofvirkni á ráðstefnu um ADHD 25. og 26. september?

Til dæmis rannsóknarverkefni, þróunarverkefni, fræðsluerindi eða annað kynningarefni um ADHD.

Á vefsíðu ráðstefnunnar www.yourhost.is/adhd er skráningarform fyrir útdrætti sem þá um leið er umsókn um kynningu.

Veruleikinn í bókmenntunum –
sumarnámskeið
Nordspråk 2008

Sumarnámskeið Nordspråk 2008 verður haldið á Borgundarhólmi í Danmörku 4.-9. ágúst n.k. Yfirskrift námskeiðsins er Fiktionens virkelighed eða Veruleikinn í bókmenntunum.

Fyrirlesarar verða rithöfundar og bókmenntafræðingar frá Norðurlöndunum. Einar Már Guðmundsson rithöfundur flytur fyrirlestur fyrir Íslands hönd. Sjá heimasíðu Samtaka móðurmálskennara.

Nánari upplýsingar veitir Guðlaug Guðmundsdóttir formaður SM gulldax@simnet.is

Til kennara í íslensku á unglingastigi

Íslensk málnefnd og Samtök móðurmálskennara ætla í sameiningu að standa fyrir ljóðasamkeppni unglunga á aldrinum 13-15 ára, þ.e.a.s. í þremur efstu bekkjum grunnskóla.

Úrslit verða tilkynnt á hundrað ára afmælisdegi ljóðskáldsins Steins Steinarr, 13. október næstkomandi. Skilafrestur er til 1. júní 2008.

Landsbanki Íslands og Forlagið eru meðal styrktaraðila keppinnar. Vegleg bókaverðlaun verða veitt fyrir efstu þrjú sætin. Einnig er ætlunin að verðlaunaljóðin og úrval annarra ljóða verði birt í dagblaðinu 24 stundum.

Stefnt er að því að þessi ljóðasamkeppni ungmenna verði árlegur viðburður.

Aðstandendur keppinnar óska eftir því að kennarar komi upplýsingum um hana á framfæri við nemendur sína og hvetji alla til þátttöku. Ákjósanlegt gæti til dæmis verið að flétta ljóðasmíð inn í kennslustarfið og gera yrkingar og skáldskap þannig að sjálfsögðu og eðlilegu verkefni nemenda. Von okkar er sú að kennarar viti af ungu fólki sem hneigist að ljóðagerð og hvetji þá einstaklinga sérstaklega til að vera með.

Með góðum kveðjum og fyrirfram þökkum.

F.h. undirbúningshóps,
Ingibjörg Haraldsdóttir, Katrín Kristinsdóttir,
Sæmundur Helgason, Úlfhildur Dagsdóttir,
Þorlákur Karlsson, Þórarinn Eldjárn



Leiðbeiningar:

Aldur: 13-15 ára (8. 9. og 10. bekkur grunnskóla).

Skiladagur: 1. júní 2008

Yrkisefni er frjálst, svo og lengd og form, en kennarar mega gjarna velja þemu til að vinna með ef þeir vilja.

Ljóð skal setja í umslag merkt „Ljóðasamkeppni“ og senda Íslenskri málnefnd, Neshaga 16, 107 Reykjavík.

Ljóðin skulu merkt með dulnefni en rétt nafn höfundar fylgi með í lokuðu umslagi merktu sama dulnefni.

Upplýsingar um keppnina má einnig sjá á heimasíðu Íslenskrar málnefndar: islenskan.is

Námskeið í Davis® námstækni



Námskeið fyrir kennara 5 - 9 ára barna
12.-14. ágúst 2008

Námskeið einkum ætlað sérkennurum
1.-3. október 2008

Bæði námskeiðin verða haldin í Reykjavík.
Íslenskir leiðbeinendur.

Námskeiðspáttakendur fá handbók á íslensku með vel
útfærðum leiðbeiningum ásamt kennslugögnum;
eftirfylgninámskeið í október og janúar (tveir hálfir dagar).
Hádegismatur, morgun- og síðdegiskaffi innifalið.

Davis námstækni byggir á kenningum Ronald D.
Davis, sem kynntar eru í bókinni *Náðargáfan lesblinda*.

Nánari upplýsingar og skráning á www.lesblind.is

Námstækni sem nýttist allt lífið!

lesblind.is

Skólastjóri óskast í grunnskólann á Reykhólum.

Reykhólaskóli er góður fámennur grunnskóli með um
30 nemendum í 1.-10. bekk.

Meginhlutverk skólastjóra verður: Að vera leiðtogi
skólans og veita faglega forystu á sviði kennslu og
þróunar í skólastarfi. Að stýra og bera ábyrgð á daglegri
starfsemi og rekstri skólans.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun að lágmarki.
- Stjórnunarnám æskilegt.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Reynsla og stjórnunarhæfileikar.
- Reynsla af kennslu og vinnu með börn og unglinga.

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2008.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf, meðmæli, auk
annarra gagna er málið varðar.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2008.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.



Reykhólahreppur

Á Reykhólum er gott mannlíf, mikil
náttúrufergurð og gott að búa.

Upplýsingar um skólann veitir sveitarstjóri í síma 434 7880.
Sjá heimasíðu skólans: www.skolatorg.is/kerfi/reykholaskoli/skoli/
og heimasíðu Reykhólahrepps: www.reykholar.is

Skólahópar!



Fljótasiglingar - Klettlífur

Hestasýningar - Gönguferðir

Gisting - Veitingar

Ratleikir - Hestaleiga

Hafið samband og
við gerum tilboð



Verið velcomin!

bakkafлот@islandia.is

Sími 453 8245 & 8998245

Ferðþjónustan Bakkafлот
560 Varmahlíð, Skagafirði - www.bakkafлот.com



ALBA

Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ www.alba.is
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík
stay@alba.is • Sími 552 9800

Góð menntun til höfuðs útilokun

Alþjóðleg baráttuvika og heimsins stærsta kennslustund 21. – 27. apríl



Alþjóðleg baráttuvika fyrir menntun stendur yfir um þessar mundir. Alþjóðasamband kennara, Education International, stendur að vikunni ásamt hátt í sjötu öðrum alþjóðasamböndum og landssamtökum sem berjast fyrir heill og réttindum barna með einum eða öðrum hætti og vinna saman í regnhlífarsamtökunum GCE – Global campaign for education.

Að þessu sinni er yfirskrift vikunnar „Quality education to end exclusion“, eða Góð menntun til höfuðs útilokun. Átakið stendur yfir frá 21. til 27. apríl og þann 23. apríl eru skólar, kennarar, samtök, hópar og einstaklingar sem hafa áhuga á málefnum hvattir til að bjóða upp á hálf tíma langa kennslustund með sömu yfirskrift. Kennslugögnin er unnt að sækja á netið og markmiðið er að komast í heimsmetabók Guinness með þessa heimsins stærstu kennslustund. Allir eru boðnir velkomnir og stjórnámálmenn alveg sérstaklega.

Kennt verður um

- mikilvægi þess að öðlast góða menntun
- hversu margir í heiminum fá ekki notið menntunar
- hvaða áhrif það hefur á líf manns að kunna ekki að lesa, skrifa og telja

Auk þess fá stjórnámálmenn „sína lexíu“ til að færa þeim heim sanninn um hversu mikilvægt er að aðhafast umsvifalaust. Menntun fyrir alla er mál sem þolir enga bið.

Myndband

Horfið á myndband GCE um menntunarskort í heiminum á YouTube. Slóðin er www.youtube.com/watch?v=gZJoI9-olbA

Einnig er hægt að horfa á myndbandið á vefsíðu verkefnisins *Heimsins stærsta kennslustund* sem er hluti af baráttuvikunni. Slóðin er www.campaignforeducation.org



Global Action Week 21-27 April 2008

Menntun fyrir alla – Education for all (EFA)

Menntun fyrir alla er forgangsverkefni. Við verðum að bregðast hratt og kröftuglega við ef takast á að bjóða öllum börnum heimsins upp á menntun, en að því er stefnt að þetta markmið náist fyrir árið 2015 samanber alþjóðlega samþykkt ráðstefnunnar í Dakar í Senegal í aprílmánuði fyrir átta árum sem 164 lönd skrifuðu undir.

Enn ganga 72 milljónir barna í heiminum ekki í skóla og 774 milljónir fullorðinna kunna hvorki að lesa né skrifa. Flestir þessara eru útilokaðir frá menntun vegna fátæktar, af því þeir þurftu að vinna í stað þess að ganga í skóla, af því þeir eru með alnæmi, búa í dreifbýli, eru með fötlun, búa á átakasvæði eða einfaldlega út af því að vera stelpur.

Ein af hverjum fjórum konum kann ekki að lesa og meira en helmingur barna í yfir fimmtíu löndum lýkur ekki skólagöngu. Í sumum löndum er engin von til þess að menntun fyrir alla verði að raunveruleika á þessari öld, hvað þá á næstu sjö árum eins og til stóð.

Menntun er mannréttindi. Hún er líka forsenda þess að hægt sé að vinna bug á fátækt og alnæmi, hún er forsenda lýð-

heilsu og þess að einstaklingar geti tekið fullan þátt í að móta það samfélag sem þeir búa í.

Afganistan og fleiri lönd

Meðal þeirra landa sem eiga þátttakendur í fyrsta sinn í ár og taka þátt í árlegri baráttu GCE fyrir menntun fyrir alla er Afganistan. Veggspjöldum um vikuna hefur verið dreift í Kabúl og skólum í þrettán héruðum. Kennslustundin fer fram í Isteqal unglingaskólanum í Kabúl og búist er við því að forsetinn og menntamálaráðherra mæti og ávarpi viðstadda.

Tuttugu þúsund börn í Austurríki taka þátt í Heimsins stærstu kennslustund, í Bretlandi kenna ungir nemendur þróunarmálaráðherra sína lexíu fyrir utan þingið og milljón manna í Perú, á Salómonseyjum, Japan, Sierra Leone, Írlandi, Súdan, Hollandi og fjölmörgum fleiri löndum taka þátt með netsamkomum, sýningum, kennslustundum, hátíðum, verðlaunasamkeppni, fjárveitingum og á fjölmarga fleiri vegu. Lesið um þetta á www.campaignforeducation.org/news/news_full.html

keg



Uppeldi til ábyrgðar – Uppbygging sjálfsaga

Skólastjórar - Kennarar – Kennaranemar!

Hættið að treysta bara á brjóstvitið eða á auðmýkingu umbunar og refsinga við bekkjarstjórn. Bætið við þekkingu ykkar á mannlegri hegðun og kynnið ykkur aðferðir og hugmyndafræði Diane Gossen um uppstokkun agamála í skólum (Restitution – Self Discipline).

Eftirtaldar bækur um þetta efni er hægt að fá í bókabúðum og á netsíðu okkar.

- Uppeldi til ábyrgðar
- Sterk saman
- Sáttmálar um samskipti
- Mitt og þitt hlutverk
- Skýr mörk
- Verkfærakistan



Væntanleg með haustinu er foreldrahandbókin My Child is a Pleasure á íslensku.

Einnig bendum við á mynddisk um innleiðingu aðferðanna á Álftanesi, en hann fæst í Álftanesskóla.

Útgáfufélagið Sunnuhvoll
www.sunnuhvoll.com



Fróðleikur, skemmtun og útivist í Alvíðru

Dagskrá fyrir grunnskóla á vorönn 2008

- **Auðvitað í Alvíðru**
- stuðst við jarðfræðikafla „Auðvitað“ bókanna
- **Lífið í vatninu**
- byggir á „Lífrikið í fersku vatni“
- **Til móts við vorið**
- fuglaskoðun í forgrunni

Kynningu á dagskrá er að finna á www.landvernd.is/alvidra
Sjá þar einnig dagskrá á haustönn og dagskrá fyrir leikskóla.

Upplýsingar og bókanir í síma 482 1109 og 898 1738.
Netfang, hjordis@landvernd.is

Alvíðra, umhverfisfræðslusetur Landverndar í Ölfusi.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð auglýsir starf leikskólastjóra Álfaborgar, Reykholti, laust til umsóknar.

Álfaborg er leikskóli með um 34 nemendur og 10 starfsmenn sem starfa á 2 deildum. Í Álfaborg er metnaðarfullt skólastarf, gott starfsumhverfi og góð samvinna starfsfólks, barna, foreldra og annarra samstarfsaðila skólans. Áherslupættir leikskólans eru nám í gegnum leik og unnið er eftir ítölsku stefnunni Reggio Emilia.

Aðalverkefni leikskólaskólastjóra er að bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri og veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og framþróunar skólastarfsins.

Óskað er eftir umsækjanda með leikskólakennaramenntun. Ennfremur að viðkomandi hafi stjórnunarreynslu og stjórnunarhæfileika. Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða samskiptahæfileika og áhuga á skólaþróun.



Sveitarfélagið Bláskógabyggð er staðsett í uppsveitum Árnessýslu og nær yfir Biskupstungur, Laugardal og Þingvallasveit. Það er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa tæplega 1000 íbúar. Þrír þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, þ.e. Laugarás, Laugarvatn og Reykholt. Leikskólinn Álfaborg er staðsettur í Reykholti, sem er í 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Góð þjónusta er hjá sveitarfélaginu, þ.á. m. góður grunnskóli og leikskólar, bókasöfn og íþróttaaðstaða.

Umsóknarfrestur er til 2. maí n.k.

Umsóknir berist til Valtýs Valtýssonar, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, Aratungu, 801 Selfoss, netfang valtyr@blaskogabyggd.is, sem veitir nánari upplýsingar í síma 486-8808.

Hávaði í skólum skaðlegur heilsu

Engin löggjöf til um hljóðvist fyrir börn

Mikill sofandaháttur ríkir um skaðsemi hávaða, ef til vill vegna þess að hann er álitinn óhjákvæmilegur í nútíma samfélagi eða vegna þess að heilsutapið sem hann orsakar kemur oftast hægt og bílandi og án sársauka (heyrnartap, raddskaði, síþreyta og streita). Fjöldi rannsókna sýnir tengsl á milli hávaða og heilsutaps en niðurstöðurnar ná ekki eyrum almennings. Þetta andvaraleysi er sérstaklega alvarlegt þegar kemur að börnum.

Mælingar Vinnueftirlitsins á hávaða í leikskólum og íþróttasölum hafa sýnt meðaltalshávaða og hávaðatoppa sem fara vel yfir hættumörk fyrir heyrn. Þá er hávaðinn orðinn það mikill að hann getur drepð örsmáar taugafrumur í innra eyra og þar með valdið varanlegum heyrnarskaða. Raddskaðar í börnum eru líka áhyggjuefni. Að þenja röddina í hávaðasömu umhverfi reynir um of á kok- og barkakýlisvöðva sem veldur hæsi og talþreytu hjá viðkomandi. Algengar raddveilur kennara eru einnig raktar að miklu leyti til þess að þurfa að tala í hávaða.

Hitt er svo annað mál að viss sjálfsblekking virðist hrjá fólk með raddskaða. Þó að einstaklingurinn heyri vel í sjálfum sér er það ekki þar með sagt að aðrir heyri eins vel, allra síst börn sem eru á málþroskaskiði og oft með eyrnabólgu. Í rannsókn sem gerð var í fimm leikskólum á Akureyri kom í ljós að 40% 278 barna höfðu fengið í eyrun. Varla getur það verið þægilegt fyrir eyrnasjúkt barn að dvelja langdvölum í hávaða og að ætla börnum almennt að dvelja daglangt í skaðlegum hávaða er fyrir neðan allar hellur.

Skíptir skólafestna máli þegar um hávaða er að ræða?

Gerð var samanburðarrannsókn í fimm almennum leikskólum á Akureyri og þremur leikskólum Hjallastefnunnar en hún er frábrugðin uppeldis- og fræðslustefnu almennra leikskóla í eftirtöldum þáttum: Kynjaskipting er lögð til grundvallar. Engin hefðbundin leikföng. Notaður er sk. *leikefniviður* (open-ended material) sem hægt er að nýta á fjölbreytilegan hátt; dýnur og púðar, trékubbar, leir, trélitir og pappír.

Leikskólakennarar voru spurðir um raddheilsu og álit á umhverfisþáttum og foreldrar voru spurðir um eyrnasögu barna sinna. Vinnueftirlitið var fengið til að mæla hávaða og endurómun (tíminn sem það tekur 60 dB hljóð að deya út) í leikskólunum. Meðaltalshávaði var mældur með skammtamæli sem starfsmaður bar yfir vinnudaginn. Hljóðnemi var festur á öxl sem næst eyranu.

Hávaði í skólum og leikskólum stafar fyrst

og fremst af börnunum sjálfum en einnig af leikföngum, leiktækjum, húsgögnum og húsbúnaði. Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar kvarta Hjallastefnukennarar mun minna undan hávaða en kennarar sem vinna í almennum leikskólum enda mældist hávaði minni í leikskólum Hjallastefnunnar. Athyglisvert er að samkvæmt mælingum er endurómun meiri í vistarverum Hjallastefnunnar. Afleiðingin ætti að vera meira hljóðendurkast og þar af leiðandi meiri hávaði. Samt kvarta Hjallastefnukennarar minna undan hávaða og eru mun ánægðari með hljóðvistina en samanburðarhópurinn.

Full ástæða er til að kanna hvers vegna þessu er svo varið. Sjálfsagt spila þarna margir þættir saman eins og öðruvísi agastjórnun og minna um leikföng sem valda hávaða í leikskólum Hjallastefnunnar. Enginn munur var á líf- eða starfsaldri kennara almennu leikskólanna og Hjallastefnunnar sem að meðaltali er mjög lágur, þriðjungur starfslíðs var á aldrinum 20 – 30 ára og helmingur hafði starfað fimm ár og skemur.

Engin löggjöf eða reglugerð virðist ná yfir hljóðvist fyrir börn þótt skólar séu blandaður vinnustaður barna og fullorðinna. Vinnueftirlitinu ber að fylgjast með að ekki sé brotið á starfsfólki og að reglugerðum og lögum um endurómun og hávaða sé



fylgt á vinnustað. Trúlega er hljóðvist á vinnustað því miuð við fullorðna sem þola mun meiri endurómun en börn sem talin eru þola endurómun upp í 0,4 sek (þ.e. að 60 dB hljóð deyi út á 0,4 sekúndum). Byggingareglugerð gerir hins vegar ráð fyrir 0,8 sek í kennslustofum og 0,6 sek í vistarverum leikskóla.

Dr. Valdís Ingibjörg Jónsdóttir
Höfundur er heyrnar- og talmeinafræðingur.

Mælingar Vinnueftirlitsins

Hávaði (lögleg mörk 80 dB í meðaltalshávaða og 110 dB í hávaðatoppum)

	Fjöldi mælinga sem fór yfir lögleg mörk	Fjöldi mælinga sem sýndu hávaðatoppa yfir leyfilegum mörkum
Alm. leikskólar, fj:5	16 af 26 mælingum var á bilinu 80 – 98 dB	3
Hjallastefnan, fj:3	5 af 18 mælingum var á bilinu 80,5 – 86 dB	0

Tafla 1. Sýnir niðurstöður úr mælingum Vinnueftirlitsins á þeim hávaða sem einstakir kennarar verða fyrir á 8 klst. vinnudegi.

Almennir leikskólar: 61,5% af mælingum á meðaltali fór yfir leyfileg mörk.

Hjallastefnan: 27,7% af mælingum á meðaltali fóru yfir leyfileg mörk.

Mælingar Vinnueftirlitsins

Ótími (samkvæmt lögum 0,6 sek í leikskólum)

	Fjöldi mælinga á tíðnisviði 250 – 4000 Hz	Fjöldi mælinga yfir löglegum mörkum	Frá - til
Alm. leikskólar, fj:5	70	10 af 70	0,7 – 0,9 sek
Hjallastefnan, fj:3	95	27 af 95	0,7 – 1,2 sek

Tafla 2. Niðurstöður úr mælingum Vinnueftirlitsins á endurómun í vistarverum leikskóla

Almennir leikskólar: 14,2% af mælingum fóru yfir löglegu mörkin 0,6 sek.

Hjallastefnan: 28,4% af mælingum fóru yfir lögleg mörk 0,6 sek.

Svör kennara

Næstum allir kennarar (heildarfjöldi 88) almennu leikskólanna og Hjallastefnunnar (heildarfjöldi 71) settu fram sitt álit á hávaða og hljómburði.

Álit kennara á hávaða í leikskólum		
	Hjallastefnan	Almennir leikskólar
Allt of mikill	5%	15%
Of mikill	34%	59%
Allt í lagi	59%	26%

Tafla 1. Sýnir samanburð á álitum leikskólakennara Hjallastefnunnar og almennra leikskóla á hávaða á vinnustað.

Byggingareglugerð gerir ráð fyrir mun meiri endurómun í skólahúsnæði en talið er að börn þoli. Trúlega er hljóðvist á vinnustað því miðuð við fullorðna. Að ætla ungum börnum að dvelja daglangt í svo miklum hávaða að hann ógni heilsu þeirra er fyrir neðan allar hellur.

Hvernig upplifir þú hljómburð á vinnustað								
Í heimastofu			Þar sem er borðað			Í sameiginlegu rými		
	Hjalli	Almennir		Hjalli	Almennir		Hjalli	Almennir
Mjög góður	13%	5%	Mjög góður	15%	6%	Mjög góður	18%	4%
Góður	66%	42%	Góður	66%	39%	Góður	64%	37%
Sæmilegur	18%	49%	Sæmilegur	18%	42%	Sæmilegur	16%	54%
Slæmur	3%	5%	Slæmur	2%	12%	Slæmur	2%	3%
Afleitur	0	0%	Afleitur	0	1%	Afleitur	0	2%

Tafla 2. Sýnir samanburð á álitum leikskólakennara Hjallastefnunnar og almennra leikskóla á hljómburði í ýmsum vistarverum á vinnustað.

Skilningur á töluðu máli

	Börn	Fullorðnir
Endurómunartími	Skerðist eftir 0,4 sekúndur	Skerðist eftir u. þ. b. eina sekúndu
Heyra rödd út úr hávaða	Röddin þarf að vera 15 - 20 dB sterkari en hávaðinn	Ná að greina rödd sem hefur sama styrkleika og hávaðinn



NÝJAR STJÓRNIR Aðalmenn í stjórnnum KÍ og aðildarféлага

Stjórn KÍ, Kennarasambands Íslands
 Eiríkur Jónsson formaður Kennarahúsinu.
 Elna Katrín Jónsdóttir varaformaður
 Kvinnaskólanum í Reykjavík, Kennarahúsinu.
 Aðalheiður Steingrimsdóttir FF
 Kennarahúsinu.
 Haukur Már Haraldsson FF lónskólanum í
 Reykjavík.
 Ólafur Loftsson FG Kennarahúsinu.
 Þórður Á. Hjaltsted FG Kennarahúsinu.
 Valgeir Gestsson FG Grandaskóla.
 Björg Bjarnadóttir FL Kennarahúsinu.
 Björk Óttarsdóttir FL Núpi, Kópavogi.
 Guðmundur Guðlaugsson Borgarholtsskóla.
 Sigrún Grendal FT Tónlistarskóla Kópavogs,
 Kennarahúsinu.
 Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson
 Foldaskóla.

Stjórn FF, Félags framhaldsskólakennara
 Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður
 Kennarahúsinu.
 Magnús Ingólfsson varaformaður
 Borgarholtsskóla.
 Ásdís Ingólfssdóttir gjaldkeri
 Kvinnaskólanum í Reykjavík.
 Ágúst Ásgeirsson ritari Menntaskólanum
 við Sund.
 Hjálmar Jóhannesson meðstjórnandi
 Verkmenntaskóla Austurlands.

Stjórn FG, Félags grunnskólakennara
 Ólafur Loftsson formaður, Kennarahúsinu.
 Þórður Á. Hjaltsted varaformaður,
 Kennarahúsinu.
 Inga María Friðriksdóttir gjaldkeri,
 Rimaskóla.
 Guðbjörg Ragnarsdóttir ritari, Flataskóla.
 Jóhannes Þór Skúlason meðstjórn-
 andi, Seljaskóla.

Stjórn FL, Félags leikskólakennara
 Björg Bjarnadóttir formaður,
 Kennarahúsinu.
 Ingibjörg Kristleifsdóttir varaformaður,
 Klömbrum, frá maí 2008 í Kennarahúsinu.
 Arnar Yngvason meðstjórnandi,
 lðavelli Akureyri.
 Björk Óttarsdóttir meðstjórnandi,
 Núpi Kópavogi.
 Hrafnhildur Karlsdóttir meðstjórnandi,
 Skólaskrifstofu Suðurlands.

Stjórn FS, Félags stjórnenda í framhaldsskólum
 Guðmundur Guðlaugsson formaður
 Borgarholtsskóla.
 Elísabet Siemsen meðstjórnandi
 Fjölbrotaskólanum í Garðabæ.
 Kristján Ásmundsson meðstjórnandi
 Fjölbrotaskóla Suðurnesja.

Stefán Andrússon meðstjórnandi,
 Fjölbrotaskólanum í Breiðholti.
 Steinunn Inga Óttarsdóttir meðstjórnandi,
 Menntaskólanum í Kópavogi.

Stjórn FT, Félags tónlistarskólakennara
 Sigrún Grendal formaður, Kennarahúsinu.
 Árni Sigurbjarnarson varaformaður,
 Tónlistarskóla Húsavíkur.
 Jón Sigurðsson gjaldkeri, Listaskóla
 Mosfellsbæjar, Nýja tónlistarskólanum,
 Söngskóla Sigurðar Demetz og Allegro
 Suzuki skólanum.
 Júlíana Rún Indriáadóttir ritari, Tónskóla
 Sigursveins D. Kristinssonar.
 Jón Hrólfur Sigurjónsson meðstjórnandi,
 Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og
 Söngskóla Sigurðar Demetz.

Stjórn SÍ, Skólastjórnarfélag Íslands
 Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson
 formaður, Foldaskóla.
 Guðlaug Erla Gunnarsdóttir
 varaformaður, Álfthanesskóla.
 Þórður Kristjánsson gjaldkeri, Seljaskóla.
 Unnar Þór Böðvarsson ritari, Hvolsskóla.
 Eyrún H. Skúladóttir meðstjórnandi,
 Lundarskóla.

Comeniusarsamstarf – gefandi verkefni

Á haustmánuðum 2004 hófu leikskólinn Arnarsmári á Íslandi, Forskolan Agneshög í Svíþjóð og Brearley Nursery school í Englandi samstarf um skólaþróunarverkefni. Verkefnið var að þróa skilning á uppeldislegum aðferðum sem notaðar eru til að auka gæði í leikskólanámi í nokkrum Evrópulöndum.

Markmiðið eða þema verkefnisins var að reyna mismunandi uppeldislegar nálganir í hverju landi fyrir sig sem hjálpa börnunum að verða félagslega hæf, með opinn huga og jákvæð gagnvart sjálfum sér og öðrum. Við skoðuðum hvernig kennarar í hverju landi örvuðu félags- og tilfinningabroska barnanna, hreyfiproska og hvernig unnið var með börnunum í skapandi starfi. Við lásum námskrár samstarfsskólanna og bárum þær saman. Farið var í heimsóknir milli samstarfsskólanna þar sem kennararnir fylgdust með hvernig var unnið í hverjum skóla fyrir sig.

Mikið var um samskipti á netinu og í hverjum mánuði var símafundur þar sem fulltrúar skólanna báru saman bækur og lögðu á ráðin um framhald verkefnisvinnunnar. Ákveðið var að útbúa sjálfsmatslista sem tók til þeirra þriggja þátta sem áhersla var lögð á; félags- og tilfinningabroska, hreyfiproska og skapandi starf. Einnig var ákveðið að útbúa sameiginlega námsskrá sem innihéldi allt það besta úr hverjum skóla fyrir sig.

Á fyrsta ári verkefnisins var áherslan lögð á félags- og tilfinningabroska.

Hver skóli útbjóg þematösku sem í voru alls kyns hlutir/námsefni sem einkenndi hvert land. Síðan fóru þematöskurnar milli skóla og var hver þemataska í u.þ.b. þrjá mánuði í hverjum skóla. Á þeim tíma notuðu kennararnir hvert tækifæri til að nýta sér það námsefni sem var í þematöskunum með börnunum.

Á öðru ári verkefnisins var áherslan lögð á hreyfiproska.

Við skoðuðum heilsuvernd og mataræði í skólunum og bárum saman veikindi hjá börnunum.

Aftur voru gerðar þematöskur þar sem námsefnið tengdist öllu því sem viðkom hreyfingu, heilsu og mataræði. Hver taska var í þrjá mánuði á hverjum stað og námsefni þematöskunnar notað með börnunum. Gerð voru myndbönd um hvernig unnið er með hreyfingu í hverjum skóla fyrir sig bæði fyrir börnin að sjá og kennarana. Hver skóli var með sérstaka



Comeniusarviku. Þá var eldaður matur sem tengdist samstarfslöndunum, við sungum söngva og lásum/skoðuðum bækur eftir höfunda sem eru frá samstarfslöndunum. Nýr sjálfsmatslisti var gerður í tengslum við hreyfiproska.

Á þriðja og jafnframt síðasta ári verkefnisins var áherslan lögð á skapandi starf.

Í hverri skólaheimsókn komu gestirnir með efnivið sem börnin gátu unnið með í skapandi starfi. Efniviðurinn tengdist á einhvern hátt hverju landi fyrir sig. Teknar voru myndir af börnunum í þessari vinnu og þær sendar á milli fyrir alla að sjá hvernig unnið var með efniviðinn.

Í staðinn fyrir þematöskur var skipst á litlum tuskudýrum sem einkenndu hvert land fyrir sig. Frá Íslandi kom hesturinn Sörli, frá Svíþjóð kom elgurinn Helgi og frá Englandi kom rauðbrystingurinn Pétur. Tuskudýrin dvöldu í þrjá mánuði í hverjum skóla og upplifðu ýmis ævintýrimeð börnunum. Útbúnar voru bækur með myndum og

frásögnum af því sem tuskudýrin upplifðu. Börnin í samstarfsskólunum sendu á milli ýmsar upplýsingar um hefðir í hverju landi fyrir sig svo og myndir, jólakort og ýmislegt sem þau bjuggu til hvert fyrir annað. Verkefnið var kynnt fyrir foreldrum barnanna meðal annars á foreldrafundum og heimasíðu skólans.

Þetta verkefni hefur verið afar lærdómsríkt og gefandi, bæði fyrir börn, foreldra og kennara. Svona samstarfsverkefni víkka óneitanlega sjónvildarhorning hlutaðeigandi. Við höfum aukið skilning okkar/barnanna á að heimurinn er stór og að ekki eru allir eins. Við höfum aukið tækifæri barnanna/kennarana til að læra. Börnin hafa lært að bera virðingu fyrir öllu og öllum og sýna samkennd. Árangursríkt gæðanám í leikskóla gerir börnunum kleift að halda námi sínu áfram allt sitt líf. Ég mæli eindregið með svona samstarfi milli landa.

Hildur Kristín Helgadóttir
Höfundur er verkefnisstjóri leikskólanum Arnarsmára.

SÉREIGN
LSR



séreign á traustum grunni

Þegar starfsævinni lýkur reynist lífeyrissparnaður afar mikilvægur. Á lífsleiðinni skiptir því öllu máli að njóta samfylgdar lífeyrissjóðs sem býr vel í haginn fyrir framtíðina.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði sjóðfélaga og ávaxtar hann. Þátttaka í Séreign LSR veitir sjóðfélögum aukna möguleika á sveigjanlegum starfslokum og hærri lífeyristekjum í framtíðinni.

Kostir séreignarsparnaðar eru ótvíræðir. Launagreiðandi greiðir kjarasamningsbundið mótframlag sem nemur allt að 2% af heildarlaunum. Skattalegt hagræði myndast þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af séreignarsparnaði og sparnaðurinn skerðir hvorki barna- né vaxtabætur.

KYNNTU ÞÉR SÉREIGN LSR Í SÍMA: 510 6100



Frábær skólatilboð í vorferðir kajakaferða á Stokkseyri.

kajaksigling - sund - heitir pottar.

Nánari upplýsingar í síma 896-5716
eða á kajak@kajak.is.

Byrjað að taka niður pantanir
- í fyrra komust færri að en vildu.

www.kajak.is
www.stokkseyri.is

Vorferð í Töfragarðinn á Stokkseyri er frábær upplifun fyrir grunn- og leikskólabörn.

Nánari upplýsingar um tilboð og pantanir í síma
897-3801 eða á tofrar@stokkseyri.is.

www.tofragardurinn.is
www.stokkseyri.is

